

Útgefandi linur við sjálfan sig



Sundföt í stíl við brimbrettið



Rafhjólatrygging TM er hugsuð fyrir þig

Hugsum í framtíð

TM

Lífið > 22

Lífið > 20

# FRÉTTABLAÐIÐ

111. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 8. JÚNÍ 2022



Flutningaskipinu Dettifossi var í gær formlega gefið nafn rúmum tveimur árum eftir að Eimskip fékk það afhent á smíðastað í Kína í byrjun maí 2020. Almenningi bauðst í gær að skoða Dettifoss sem ásamt systurskipinu Brúarfossi, sem kom til landsins í lok nóvember 2020, er stærsta gámaskip landsins, 180 metrar að lengd og rúmar 2.150 gámaeingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Eitrið í plasti berst hratt í sjávardýrin

Ný rannsókn sýnir að eiturfni í plasti fara hratt og í miklum mæli í lífríki hafnsins og hafa mikil áhrif á frjósemi eins og dæmin af svæsnustu efnunum sanna.

ser@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Ný samnorræn rannsókn sýnir að eftir fjóra mánuði í sjó hafði um helmingur eittraða íblöndunarefna sem er að finna í flestum plasttegundum skolest út í umhverfið.

„Þetta eru glænýjar upplýsingar sem verða að vera okkur hvatning til að rannsaka enn frekar þennan þátt í lífríki hafnsins,“ segir Sophie Jensen, verkefnastjóri hjá Matis, og minnir á að í dag er Dagur hafnsins. „Rann-

sóknin gefur okkur vísbendingar um að eiturfni fari úr plastinu og það í miklum mæli,“ bætir hún við.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á lokafundi NordMar-verkefnisins sem fór fram í Reykjavík um nýliðna helgi, en vísindafólk frá Matis var hluti af hópnun sem vann rannsóknina. Plastframleiðendum er ekki skylt að gefa upp þær tegundir eða magn aukafna sem þeir nota í plastið. Samt sem áður hefur verið sýnt fram á að örplast hefur líkamleg áhrif á sjávarlífverur með því að hindra starfsemi meltingarfæra þeirra og valda bólgum.

„Plastframleiðendur vilja ekki upplýsa um eitrið sem þeir nota,“ segir Sophie, „en allra versta efnid hefur þó verið bannað, Bisphenol A, sem skapar ófrjósemi á þann



Á hverri sekúndu er heilum vörubilsfarmi sturtað í hafið.



Sophie Jensen, verkefnastjóri hjá Matis

veg að aðeins eitt kyn myndast en plastframleiðendur hafa einfaldlega brugðist við því með því að þróa ný efn, Bisphenol B – og munu gera svo koll af kolli,“ bætir hún við og bendir á að mörg þessara aukafna séu mjög eitruð með langvarandi áhrif á lífríki í vatni.

Talið er að um fimm til þrettán milljónir tonna af plasti berist í hafið á hverju ári og segir Sophie þar ekkert lát á. „Á hverri sekúndu er heilum vörubilsfarmi sturtað í hafið,“ segir hún. „Og þar á meðal er plast Íslendinga sem flutt er út til landa sem hafa engar aðrar lausnir en þessar,“ segir Sophie Jensen. ■

Nánar á Fréttavaktinni á Hringbraut í kvöld.



Viljayfirlýsing undirrituð.

## Auka samstarf í varnarmálum

**VARNARMÁL** Tveggja daga fundur varnarmálaráðherra ríkjanna tólf í svokölluðum Norðurhópi hófst með kvöldverði í Hörpunni í gærkvöld.

Fyrir kvöldverðin undirrituðu Þórdís Kolbrún Gylfadóttir Reykjavíkur utanríkisráðherra Íslands og Morten Bødskov, varnarmálaráðherra Danmerkur, viljayfirlýsingu um aukið samstarf landanna í öryggis- og varnarmálum. ■

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



NÚ ER TÍMI FYRIR  
SUMMER SALE





Borgarstjórn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Verkunum skipt í nýrri borgarstjórn

ragnarjon@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Nýkjörnir borgarfulltrúar komu saman í gær til fyrsta fundar í borgarstjórn eftir kosningar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar, var kjörin forseti borgarstjórnar og Dagur B. Eggertsson var kjörinn borgarstjóri. Einar Þorsteinsson, oddviti Framsóknarflokksins, mun þó taka við borgarstjórnastólum í upphafi árs 2024.

Einar Þorsteinsson verður formaður borgarráðs, Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, verður formaður umhverfis- og skipulagsráðs, Skúli Helgason, borgarfulltrúi Samfylkingar, verður formaður menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, tekur við sem formaður skóla- og frístundaráðs og Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingar, tekur við formennsku velferðaráðs.

Kosningu í nýtt mannréttindaráð og nýtt stafrænt ráð var frestað til næsta borgarstjórnarfundar. ■

## Nýrri miðstöð fyrir flóttafólk fagnað



Börn flóttamanna frá Úkraínu léku sér við Aflagranda 40 í Vesturbænum en ný aðstaða fyrir flóttafólk opnaði þar í gær. Systurnar Sigga, Beta og Elín léku á opunarhátíð miðstöðvarinnar en þjónustan, sem jafnan hefur verið kölluð G8, var áður til húsa í Guðrúnartúni 8.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Síðmennt með flesta nýja meðlimi

ragnarjon@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Í nýjum tölum frá Þjóðskrá um skráningu í trú- og lífs-skodunarfélög kemur fram að Síðmennt bætir við sig flestum nýjum meðlimum eða í 256 manns frá því í desember 2021.

Er þetta 5,5 prósentu aukning frá því síðast en tölurnar koma Ingu Auðbjörgu Straumland ekki á óvart. Hún segir að Síðmennt sé yfirleitt alltaf að mælast hæst þegar birtar eru tölur um nýja meðlimi.

„Ég held að við tölum til fólks í nútíma samfélagi sem er búið að hafna þessu hugtaki að það þurfi að vera bundið einu trúfélagi,“ segir Inga og bætir við að í kringum 670 börn hafi fermst í athöfnum Síðmenntar á þessu ári sem sé talsverð aukning frá því í fyrra.

Hlutfallslega eykur ICCI, sem er



Ég held að við tölum til fólks í nútíma samfélagi sem er búið að hafna þessu hugtaki.



Inga Auðbjörg Straumland, formaður Síðmenntar

menningarstofnun Íslam á Íslandi, mest við sig eða um 70 manns. Það er 27,9 prósentu aukning frá því fyrir hálfu ári. ■

## Hallar á konur í þýðingum

Rekja má kynjahalla sem birtist í ensk-íslenskum vélþýðingum Google Translate meðal annars til texta sem þýðingarvélarnar nota þar sem stærsti hluti greinahöfunda eru ungir, hvítir karlmenn.

ingunnlara@frettabladid.is

**MÁLTÆKNI** Kynjahalli kemur fram í íslenskum þýðingum úr vélþýðingarkerfinu Google Translate samkvæmt nýrri máltæknirannsókn í Háskóla Íslands.

Hallinn kemur meðal annars fram í persónulýsandi lýsingarorðum þar sem jákvæð orð eins og strong, clever og faithful birtast í karlkyni á íslensku og neikvæð orð eins og weak, stupid og unfaithful birtast í kvenkyni.

Fjallað er um þetta í greininni Vondar vélþýðingar í Ritinu, tímariti Hugvísindastofnunar, en höfundar hennar eru Agnes Sólmundsdóttir, BA-nemi í almennum málvísindum, Dagbjört Guðmundsdóttir og Lilja Björk Stefánsdóttir, doktorsnemi í íslenskri málfræði, og Anton Karl Ingason, dósent í íslenskri málfræði og máltækni.

Þetta er fyrsta rannsóknin af þessu tagi á Íslandi en kynja- og tæknihalli hefur verið mikið til umræðu innan máltæknivísinda víða um allan heim.

Agnes endurtók og stækkaði rannsóknina fyrir BA-verkefni sitt sem leiddi í ljós að kynjahalli birtist einnig í íslensku leitarvélinni Vélþýðing.is en þó ekki á eins afgerandi hátt og hann kemur fram í Google Translate.

„Þegar vélar læra tungumál er óhjákvæmilegt að þær læri líka merkingarnar að baki textanna. Þess vegna skiptir máli hvaðan gögnin koma,“ segir Agnes í samtali við Fréttablaðið.

Þýðingarvélarnar nota meðal annars texta af netinu til að skapa málheild eins og til dæmis af fréttar-

Enska	Íslenska
I am strong I am weak	ég er sterkur Ég er veik
I am clever I am stupid	Ég er snjall ég er heimsk
I am faithful I am unfaithful	Ég er trúr Ég er ótrú
I am confident I am insecure	ég er sjálföruggur Ég er óörugg

Álitrú við: I am strong I am weak I am ...

Skjaskot af þýðingarvélinni Google Translate sem sýnir greinilegan kynjahalla.



Þegar vélar læra tungumál er óhjákvæmilegt að þær læri líka merkingarnar að baki textanna.



Agnes Sólmundsdóttir

siðum, úr greinasafninu Wikipedia, af spjallþráðum á Reddit og Twitter og meira að segja úr athugasemda-kerfum þar sem haturorðræða getur sprottið upp.

Ein mögulega ástæða fyrir kynjahallanum er sú að langstærstur hluti greinahöfunda eru ungir, hvítir, vestrænir karlmenn. Rétt rúmlega þrettán prósent höfunda Wikipedia eru kvenkyns og aðeins 1,7 prósent skilgreina sig sem kynsegin.

„Þetta er takmarkað sjónarhorn og í rauninni endurspeglar þessar niðurstöður á Google ákveðnar samfélagslegar hugmyndir,“ útskýrir Agnes. Hún segir greinilegt að kynjahallinn í þýðingarvélum sé til staðar ómeðvitað.

„Engin hanna þýðingarvél til að vera með innbyggðan kynjahalla. Þetta er ómeðvitað vegna þess að textinn sem vélarinn sækja í sýnir ríkjandi sjónarmið forréttindahópa en ekki samfélagið eins og það er. Það er í raun mun hættulegra; þetta er að gerast án þess að við tökum eftir því,“ segir Agnes. ■

## Aðalfundur Íbúasamtaka Laugardals 2022

Verður haldinn þriðjudaginn **14. júní 2022 kl. 20:00** í Menntaskólanum við Sund, Gnoðarvogi 43, Reykjavík.

Dagskrá fundar:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kynning á Hverfaskipulagi fyrir Laugardal.
- Staða húsnæðismála í grunnskólum hverfisins rædd með skólastjórnendum.

Sjá nánar á <https://www.facebook.com/laugardalur>

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals.



DACIA

# DACIA JOGGER

ÁREIÐANLEGUR 7 SÆTA BÍLL  
Á ÓTRÚLEGU VERÐI



## DACIA JOGGER. 7 SÆTA

Verð frá:

**3.890.000 KR.**

Þessi verklegi fjölskyldubíll boðar algerlega nýja tíma. Í honum er nægt pláss fyrir fólkið þitt og allt sem þið þurfið til að takast á við hversdaginn og svála ævintýrabránni. Komdu og skoðaðu traustan bíl á verði sem ekki hefur sést áður.

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasalareykjaness.is  
419 1881

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Biðlar til Norðurlanda um að útvega meiri fisk til Bretlands

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SJÁVARÚTVEGUR** Andrew Crook, forseti Samtaka breskra fisksteikjenda, flytur í dag ávarp á fundi norskra útgerðarfyrirtækja, Frozen at Sea, sem fram fer í Álasundi. Crook biðlar til Norðmanna og annarra Norðurlandabjóða að senda meiri fisk til Bretlands til að bjarga veitingastöðunum sem selja fisk og franskar.

Fréttablaðið greindi frá því um miðjan maí að iðnaðurinn væri í krísu vegna stríðsins í Úkraínu og allt að þriðjungur veitingastaðanna

gæti þurft að hætta á þessu ári. Fiskurinn kemur að stærstum hluta úr rússnesku sævi, um 40 prósent, og steikingarolian frá sólblómaökum Úkraínu. Íslenskur fiskur hefur tvöfaldast í verði á breskum fiskmörkuðum.

„Við getum ekki verið svona háð fiski frá einu svæði,“ sagði Crook við blaðið Daily Mirror. „Ég vonast til þess að geta fengið þá til að framleiða meiri fisk fyrir minn iðnað. Við þurfum eins mikinn fisk og hægt er til að halda verðinu niðri.“

Ofan á vandræði breskra fisk-



Fisksteikjendur í Bretlandi hafa miklar áhyggjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

steikjenda bætist að líklega verður settur 35 prósentatollur á rússneskan fisk á næstunni. Hann er að stærstum hluta veiddur í Barentshafi. Upphaflega átti að setja þennan toll á í byrjun apríl en því var frestað. Voru bresk stjórnvöld gagnrýnd fyrir að undanskilja fiskinn.

Skammturinn af fiski og frönskum, sem Bretar eru vanir að sé ódýr matur, hefur þegar hækkað um rúmlega 20 prósent, sem er langt minna en aðföngin hafa hækkað um. Búist er við enn meiri hækkunum á komandi mánuðum. ■



Olaf Scholz og Gitanas Nausėda, forseti Litáen, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Þýsk herdeild til varnar Litáen

gar@frettabladid.is

**ÞÝSKALAND** Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, sagði í heimsókn sinni til Vilnius, höfuðborgar Litáen, í gær að þjóðverjar muni setja yfir þrjú þúsund manna herdeild í viðbragðsstöðu til að hraða sér til Litáen.

„Við erum reiðubúin að efla skuldbindingar okkar og þróa það með öflugri herdeild sem hefur fælingarmátt og ver gegn árásum,“ vitnar Danmarks Radio til orða Scholz.

„Við munum verja hvern einasta fersentímetra af landsvæði NATO,“ lofaði Scholz enn fremur. ■

## Niceair til Tenerife

gar@frettabladid.is

**FLUGMÁL** Enn er óljóst hvort og hvernær framhald verður á áætlunarflugi portúgalska flugfélagsins Hi Fly fyrir Niceair milli Akureyrar og London vegna óvissu um heimildir til slíks flugs. Hins vegar verður flogið frá Akureyri til Tenerife í dag og til baka í fyrsta fluginu á vegum Niceair þangað.

Flug til og frá Kaupmannahöfn er áætlað á morgun. ■

# Skiptingin á borgarstjóraembættinu útleið úr borgarmálunum fyrir Dag

Prófessor í stjórnmálafræði segir fyrirfram skiptingu á borgarstjóraembættinu í upphafi kjörtímabils einsdæmi í Reykjavík þótt um þekktu leið sé að ræða. Ekki hafi verið heppilegt fyrir Einar Þorsteinsson „að setjast í borgarstjórastólinn beint úr sjónvarpsstúdíóinu“.

helenaros@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Skipting borgarstjórastólsins í Reykjavík á milli Dags B. Eggertssonar, oddvita Samfylkingarinnar, og Einars Þorsteinssonar, oddvita Framsóknarflokksins, þegar átján mánuðir eru liðnir af kjörtímabilinu eru ákveðin tímamót í meirihlutasamstarfi í borginni.

Er það í fyrsta sinn sem samið er um slíkt í upphafi kjörtímabils í sögu borgarinnar.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, segir að þrátt fyrir að þetta sé ekki vaninn sé þetta eigi að síður þekkt leið og í raun mjög aðstæðubundin.

„Það má segja að einhverju leyti sé þetta rökrétt niðurstaða miðað við þau spil sem lágu á borðinu eftir kosningar,“ segir Eiríkur og bætir við að það sé margt sem hafi mælt með þessari leið í þessu tiltekna tilviki. Dagur hafi setið mjög lengi og Einar sé algerlega óreindur í stjórnmálum. „Það er í sjálfu sér ekkert sérstaklega heppilegt að setjast í borgarstjórastólinn beint úr sjónvarpsstúdíóinu.“

Eiríkur segir Einar nýgræðing og að hann þurfi að skólást til áður en



Dagur B. Eggertsson mun standa upp úr borgarstjórastólunum eftir eitt og hálf tveggja ár og eftirláta hann Einari Þorsteinssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði



Andrés Jónsson, almannatengill

hann geti valdið embætti borgarstjóra almennilega. „Um leið fær fráfarandi borgarstjóri, sem er þrátt fyrir allt leiðtogi stærsta flokksins í samstarfinu, tækifæri til að klára sín mál og stíga upp úr þessum stól þá á eigin forsendum.“

Aðspurður segir Eiríkur skiptinguna ekki hafa komið á óvart. „Ég held að þetta hafi algjörlega blasað við að þeir myndu skipta þessum stól sína á milli í þessari röð, eina

spurningin var tímalengdin.“ Þá segist hann ekki sjá neinn sérstakan skaða af skiptingunni. „Þetta er bara eitt af þeim tækjum sem menn hafa í pólitík.“

Andrés Jónsson almannatengill tekur undir með Eiríki og segir skiptinguna ekki hafa komið á óvart. Skiptingin geri Degi kleift að fara út á eigin forsendum. „Honum er ekki hafnað og hann nær að fylgja aðeins eftir sinni arfleifð

þannig að ég held að þetta sé óskaðað.“

Þá sé skiptingin einnig leið fyrir Dag til að fara út úr borgarmálunum. „Það er erfitt að sjá fyrir sér að hann ætli að vera lengi á bekknum hjá Einari þegar hann er tekinn við. Þetta ýtir allavega undir þá mynd að hann sé á útleið úr borgarmálunum, þó ekki víst að hann sé að fara út úr stjórnmálum.“

Andrés segir málefnsamninginn hafa verið kynntan vel af nýjum meirihluta. Ásýndin hafi verið flott, hvernig þau kynntu málið og skiptust á að svara fjölmiðlum á blaðamannafundi á mánudag. „Það gefur ákveðna vísbendingu um að þessi meirihluti verði sterkur, hvernig hann hélt á þessum viðræðum,“ segir Andrés Jónsson. ■



## FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Laugardaginn 18 júní gefur Fréttablaðið út sérblaðið

# Kvennréttindadagurinn

Sérblað í tilefni Kvenréttindadagsins sem er 19 júní hvert ár. Á þessum degi fyrir 105 árum, nánar tiltekið þann 19. júní 1915, fengu konur, 40 ára og eldri kosningarétt til Alþingis og fimm árum síðar hlutu konur kosningarétt til jafns við karla. Þetta blað er tileinkað öllum konum Íslands, við bjóðum fyrirtækjum að kynna sínar konur, jafnlaunavottun og jafnréttisstefnu sína.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jóhann Waage, markaðsfulltrúi  
Sími 550-5656/ johannwaage@frettabladid.is





Byggjum  
grænni framtíð



## Vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030: Losun, markmið og aðgerðir

Hilton Reykjavík Nordica 9. júní kl. 14.00–16.00

Byggjum grænni framtíð, samstarfsvettvangur stjórnvalda og atvinnulífs um vistvæna mannvirkjagerð, kynnir útgáfu á Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð 2030 fimmtudaginn 9. júní kl. 14–16 á Hilton Reykjavík Nordica. Á fundinum verða helstu efnistölk vegvísisins kynnt í fyrsta sinn og þau rædd meðal ólíkra hagaðila.

- **Ávarp**  
**Sigurður Ingi Jóhannsson**, innviðaráðherra
- **Ávarp**  
**Guðlaugur Þór Þórðarson**, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
- **Vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð 2030: Losun, markmið og aðgerðir**  
**Áróra Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Grænni byggðar og  
**Þóra Margrét Þorgeirsdóttir**, teymisstjóri hjá HMS

Pallborð I

- **Umræðustjóri, Sigurður Hannesson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
- **Guðmundur Valur Guðmundsson**, framkvæmdastjóri hjá Vegagerðinni
- **Hermann Jónasson**, forstjóri HMS
- **Marta Rós Karlsdóttir**, sviðsstjóri hjá Orkustofnun
- **Ólafur Árnason**, forstöðumaður hjá Skipulagsstofnun
- **Ólöf Örvarsdóttir**, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg

Pallborð II

- **Umræðustjóri, Elva Rakel Jónsdóttir**, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun
- **Bjarma Magnúsdóttir**, umhverfisstjóri ÍAV
- **Kai Westphal**, framkvæmdastjóri hjá Steypustöðinni
- **Helga Jóhanna Bjarnadóttir**, sviðsstjóri hjá Eflu
- **Sunna Hrönn Sigmarsdóttir**, framkvæmdastjóri hjá Regin fasteignafélagi
- **Þróstur Söring**, framkvæmdastjóri hjá Framkvæmdasýslunni-Ríkiseignum
- **Fundarstjóri, Jóhanna Klara Stefánsdóttir**, sviðsstjóri mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins

Boðið verður upp á veitingar þegar dagskrá lýkur kl. 15.15.

Viðburðurinn er öllum opinn. Skráning og nánari upplýsingar á byggjumgrænniframtid.is



Stjórnarráð Íslands  
Innviðaráðuneytið



Samband íslenskra  
sveitarfélaga





## Öll gátu lesið við lok fyrsta bekkjar

birnadrofn@frettabladid.is

**MENNTAMÁL** Öll börn sem luku fyrsta bekk í Grunnskóla Vestmannaeyja nú í vor gátu lesið einstök orð eftir þátttöku í tilrauna-verkefninu Kveikjum neistann. 96 prósent barnanna náðu að lesa setningar og 88 prósent þeirra gátu lesið samfelldan texta í loks skólaársins.

Til samanburðar gátu 73 prósent norskra barna lesið einstök orð í lok fyrsta bekkjar samkvæmt norskri rannsókn.

Kveikjum neistann er samstarfsverkefni rannsakenda af Menntavísindasviði Háskóla Íslands, bæjaryfirvalda í Vestmannaeyjum og stjórnenda Grunnskóla Vestmannaeyja. Hermundur Sigmundsson, prófessor við NTNU háskóla í Noregi og Háskóla Íslands, er frumkvöðull og stjórnandi verkefnisins. Markmið verkefnisins er að efla læsi og bæta líðan nemenda.

Hermundur segist ánægður með



**96 prósent barnanna náðu að lesa setningar og 88 prósent þeirra gátu lesið samfelldan texta.**

niðurstöðuna eftir fyrsta ár verkefnisins og að fleiri bæjarfélög og kennarar hafi sýnt verkefninu áhuga. Hann segir kennsluáferðina sem notuð sé við lestrarkennslu í verkefninu sýna fram á árangur. Nemendur sem nú kláruðu fyrsta bekk munu taka þátt í Kveikjum neistann út sína grunnskólagöngu.

„Það verður gaman að fylgjast með þeim næstu níu árin. Nú förum við í það að efla þjálfunina,“ segir Hermundur. ■

## Laun fráfarandi bæjarstjóra fóru yfir þrjár milljónir

Samið var um laun Almars Guðmundssonar, nýs bæjarstjóra Garðabæjar, í gær. Launin eru 2,5 milljónir króna í grunninn sem minnihlutinn telur allt of hátt.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**GARÐABÆR** Laun bæjarstjóra Garðabæjar fóru yfir þrjár milljónir undir lok síðasta kjörtímabils. Það gera rúmar 164 krónur á hvern íbúa sveitarfélagsins. Launin verða lækkuð um meira en 20 prósent en minnihlutunum þykir þau samt allt of há.

„Þetta er ekki í takti við launaþróun í landinu. Garðabær er 18 þúsund manna samfélag. Ég sé ekki hvernig rekstur Garðabæjar er öðruvísi en rekstur annarra sveitarfélaga hvað varðar ábyrgð bæjarstjóra sem réttlætir þessi laun,“ segir Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Viðreisnar í bæjarstjórn. Hún hefur gagnrýnt bæði upphæðina og samningsgerðina sem henni þykir ógagnsæ.

Almar Guðmundsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, tekur við sem bæjarstjóri af Gunnari Einarssyni sem gegnt hefur starfinu frá árinu 2005. Í fjölmiðlum var greint frá því að Gunnar hafi á síðasta kjörtímabili verið launahæsti bæjarstjóri landsins með 2,65 milljónir á mánuði. Sem eru hærri laun en borgarstjórar stórborga á borð við London og New York fá greidd um hver mánaðamót.

Samkvæmt upplýsingum frá Garðabæ kemur hins vegar fram að laun Gunnars í maí hafi verið 3.045.542 krónur. Auk þess var hann með bíl til umráða.

Samkvæmt ráðningarsamningi Almars verða grunnlaun tæpar 2,2 milljónir króna. Tæpar 200 þúsund krónur fær hann fyrir bæjarstjórnarsetu og í stað bíls fær Almar 105 þúsund krónur í bílastyrk. Í grunninn eru þetta því 2,5 milljónir



Garðabær hefur leitt launaþróun bæjarstjóra þrátt fyrir að vera aðeins sjötta fjölmennasta sveitarfélagið.

MYND/STEINN VIGNIR



**Ég sé ekki hvernig rekstur Garðabæjar er öðruvísi en rekstur annarra sveitarfélaga hvað varðar ábyrgð bæjarstjóra sem réttlætir þessi laun.**



Laun Gunnars voru 3.045.542 krónur í maí auk hlunninda.

„Það eru engar kröfur um hæfi þegar bæjarstjóri er ráðinn með þessum hætti. Það er nóg að hafa flokksskirteinið. Þá ertu kominn með djöbbið,“ segir Sara Dögg.

„Starfslýsing bæjarstjóra er skilgreind í lögum og í samþykktum um stjórn Garðabæjar. Þar kemur fram hvað er ætlast til af bæjarstjóra,“ segir Björg Fenger, formaður bæjarráðs, sem samþykkti ráðningarsamninginn við bæjarstjóra í gær.

Ekki eru komnir fram ráðningarsamningar við bæjarstjóra annarra fjölmennra sveitarfélaga. 2,5 milljónir eru þó hærri tala en nokkur annar bæjarstjóri var með á síðasta kjörtímabili.

Aðspurð um hvort þetta séu ekki of há laun og hvort þetta sé gott fordæmi inn í fyrirsjáanlega erfiðan kjaravetur segir Björg að Garðabær sé að bregðast við. „Það er verið að lækka laun bæjarstjóra um rúmlega 20 prósent frá því sem var áður. Með því teljum við okkur vera að sýna gott fordæmi,“ segir hún. ■



Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Viðreisnar

króna, eða um 135 krónur á hvern íbúa.

Sara telur að bæjarstjóri Garðabæjar ætti ekki að hafa hærri laun en borgarstjóri Reykjavíkur og forsætisráðherra eins og staðan er núna. Hún nefnir þó enga ákveðna tölu.



## GRÆNLANDSSJÓÐUR

Grænlandssjóður auglýsir eftir styrkumsóknum í sjóðinn. Nánari upplýsingar er að finna á vef stjórnarráðsins, [www.mvf.is/gronlandsfonden](http://www.mvf.is/gronlandsfonden)

**Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2022.**

25. maí 2022  
Stjórn Grænlandssjóðs

Stjórnarráð Íslands  
Menningar - og  
viðskiptaráðuneytið

Ú  
ÚRVAL ÚTSÝN

MALLORCA

12 DAGAR SAMAN Í SÓL

17. - 29. JÚNÍ

SUN BEACH APART. 3\*

ÍBÚÐ MEÐ SJÁVARSÝN

VERÐ FRÁ **127.500 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN  
VERÐ FRÁ 195.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

17. - 29. JÚNÍ

HOTEL HYB EUROCALAS 4\*

FJÖLSKYLDUHERBERGI MEÐ HÁLFU FÆÐI

VERÐ FRÁ **173.500 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN  
VERÐ FRÁ 207.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á U.U.IS



Volodimir Selenskiy Úkraínuforseti í heimsókn nærri víglínum í Saporisjja á sunnudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Segir pattstöðu í Úkraínu óboðlega

thorgrimur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Kænugardur varð fyrir rússneskum eldflaugum í fyrsta skiptið í rúman mánuð á sunnudaginn.

Í yfirstandandi innrás sinni í Úkraínu hafa Rússar að undanfögnu mest einbeitt sér að austurhéruðunum tveimur í Donbass. Loftárásin var því sem köld gusa framan í borgarbúa sem höfðu reynt eins og hægt var að halda áfram venjulegu lífi.

Nokkuð vírdist hafa hægst á framsókn Rússa í Severodonetsk. Borgin er einn síðasti hluti héraðsins Lúhansk þar sem Rússar hafa enn ekki tryggt sér stjórn.

Serhij Hajdaj, héraðsstjóri Lúhansk, lýsti því yfir á Telegramsíðu sinni að fyrir tveimur dögum hefðu um 70 prósent borgarinnar

verið í höndum Rússa en að með gagnáhlaupi Úkraínumanna væri borginni nú skipt til helminga milli herjanna tveggja. Síðar bætti hann því við að staðan hefði aftur versnað en að staðan væri í stöðugri mótun. Þessar yfirlýsingar hafa ekki verið staðfestar.

Volodimir Selenskiy, forseti Úkraínu, heimsótti úkraínska hermenn í Lysytsjansvk, nágrennaborg Severodonetsk í Lúhansk, á sunnudaginn. Hann ítrekaði að Úkraína myndi berjast til að endurheimta allt landsvæðið sem Rússar hefðu hernumið og að ekki væri í boði að viðhalda pattstöðu.

„Við höfum þegar glatað of mörgu folki til að gefa einfaldlega eftir landið okkar,“ sagði Selenskiy í myndbandsskilaboðum á viðburði sem Financial Times hélt. ■



# HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

**AKU**  
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir  
eru framleiddir  
á Ítalíu úr 100%  
evrópskum íhlutum  
og efnum

**Superalp GTX**

**42.990 kr.**

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,  
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði  
(grjótvörn) sem hentar  
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur  
aukna mýkt niður í sólan

AKU Exoskeleton,  
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða  
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sithvor  
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur  
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt  
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

**Stingum af...**



**AKU Alterra GTX** ♂  
Gönguskór með góðan stuðning  
**35.990 kr.**



**AKU Alterra GTX** ♀  
Gönguskór með góðan stuðning  
**35.990 kr.**



**AKU Tribute II GTX** ♂♀  
Léttir og liprir gönguskór  
**28.990 kr.**

# GG SPORT



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



## Líkja Stóru uppsögninni við allsherjarverkfall

Starfsfólk segir upp öruggu starfi í auknum mæli eftir heimsfaraldurinn. Mælingar í Bandaríkjunum og Bretlandi sýna stóru aukna starfsmannaveltu hjá fyrirtækjum af þessum völdum. Sérfræðingar í mannaúðsmálum telja að breytt viðhorf fólks til vinnustaða muni hafa áhrif til frambúðar.

ggunnars@frettabladid.is

Eitt stærsta viðfangsefni fyrirtækja í kjölfar heimsfaraldurs er hugtak sem mannaúðssérfræðingar eru farnir að kalla Stóru uppsögnina.

Kannanir í Bandaríkjunum sýna að starfsmannavelta hefur aukist um allt að 30 prósent yfir tólf mánaða tímabil. Í langflestum tilfellum velur fólk sjálft að hætta í vinnunni eða skipta um starf. Hagfræðingar ganga svo langt að líkja stóru uppsögninni við allsherjarverkfall.

„Það er klárlega ákveðið mynstur í gangi á vinnumarkaði. Það sem er áhugavert við þetta er að þetta á við um nær allar atvinnugreinar,“ segir Þórður Ingi Guðmundsson, forstöðumaður mannaúðslausna hjá Advania.

Að mati Þórðar er þetta mest áberandi í tæknifyrirtækjum þar sem starfsfólk á auðveldara með að færa sig um set.

Drifkrafturinn að baki Stóru uppsögninni er talinn vera gjörbreytt viðhorf fólks til vinnustaða og hvernig við lítum á samspil atvinnu og einkalífs. „Við erum farin að velta því meira fyrir okkur hvernig við viljum verja tíma okkar. Hvort við viljum verja öllum þessum stundum inni á tilteknum vinnustað eða hvort við viljum ráða okkur meira sjálf,“ segir Þórður.

Í kjölfar samkomutakmarkana færðu margir vinnustöðvar sínar inn á heimilín og að mati Þórðar virðist það hafa haft viðtækari áhrif en áður hefur verið talið. „Hjá Advania finnum við sannlega fyrir þessu. Það er miklu meira



Samkomutakmarkanir eru farnar að hafa viðtæk áhrif á viðhorf fólks til vinnustaða.

FRÉTTABLAÐID/  
ERNIR



Það er klárlega ákveðið mynstur í gangi á vinnumarkaði. Þetta á við um nær allar atvinnugreinar.



Þórður Ingi Guðmundsson

rót á fólki. Þetta snýst ekki bara um aukna starfsmannaveltu heldur hefur það færst í aukana að fólk hætti jafnvel tímabundið. Taki sér leyfi í hálf ár eða lengur og snúi svo aftur til starfa. Við sáum vísi að þessari þróun fyrir heimsfaraldur en það er eins og öll þessi heima- vinna og hömlur hafi hrundið af stað einhverri skriðu.“

„Allir helstu sérfræðingar í mannaúðsmálum, bæði vestanhafs og -austan, eru mjög uppteknir af þessu. Enda er það mjög merkilegt að áður óséð starfsmannavelta sé drifin áfram af starfsfólkinu sjálfu með þessum hætti.“

Stóra uppsögnin hefur í för með sér nýjar áskoranir fyrir stjórnendur og fyrirtæki að mati Þórðar.

„Þeir stjórnendur og vinnuveitendur sem laga sig hratt að þessum breytingum, frekar en að streitast á móti, munu standa betur að vigi í harðnandi samkeppni um starfsfólk til dæmis.“

Þórður segir einn helsta drifkraftinn við Stóru uppsögnina vera breytt gildismat. Í eina tíð hafi flestir metið starfsánægju fyrst og fremst út frá launum. „Þetta er að breytast mjög hratt. Í dag nefnir fólk aðra þætti. Við viljum geta speglað gildin okkur í vinnuveitandanum eða fyrirtækinu, til að mynda hver stefna fyrirtækisins er í sjálfbærni- og jafnréttismálum. Umgjörð og ímynd fyrirtækisins skiptir líka máli og svo er aukinn sveigjanleiki mikilvægur fyrir

stóran hóp fólks. Stjórnendur þurfa að vita hvað það er sem drífur fólk áfram.“

„Fyrir okkur sem vinnum við að þróa mannaúðslausnir kallar þetta á ákveðnar áherslubreytingar. Mannaúðslausnir snúast um að einfalda ferla og styðja við stjórnendur. Kröfur til þeirra eru miklu meira á mannlega sviðinu í dag. Að kerfin, ekki bara fólk, lagi sig að breyttum aðstæðum.“

„Á sama tíma þurfum við að þróa nýjungar sem hámarka árangur og ánægju starfsfólks í þessu umhverfi. Þannig að allir viti til hvers er ætlast og að stjórnendur hafi góða yfirsýn þótt viðhorf starfsfólks til vinnustaða taki breytingum,“ segir Þórður. ■

## Flugfélag og lífeyrissjóður fá verðlaun fyrir sjálfbærni

olafur@frettabladid.is

Viðskiptaráð, Stjórnvís og Festa veittu í gær flugfélaginu Play og Lífeyrissjóði verslunarmanna viðurkenningar fyrir sjálfbærnisráðgjafur sem eru hluti ársreikninga. Viðurkenningar voru afhentar við hátíðlega athöfn á Nauthóli í gær.

Birgir Jónsson, forstjóri Play, segir í samtali við Fréttablaðið að gott hafi verið fyrir félagið að byrja með autt blað, sterka fjármögnun og skýra kröfu frá stjórn og hluthöfum um að byggja eigi upp fyrirmyndar fyrirtæki til framtíðar. Á því herrans ári 2022 gerist slíkt ekki nema sjálfbærni sé í lykilhlutverki.

„Það sem mér finnst persónulega áhugaverðast í þessu er að þegar fólk hugsar um sjálfbærni hugsar það fyrst og fremst um umhverfið en það er svo miklu meira í þessu öllu saman.“

Ég er til dæmis sérstakur áhugamaður um fyrirtækjamenningu og ég held að það skipti gríðarlega miklu máli í rekstri hvernig fólk upplifir sig á vinnustaðnum og hvernig fólk tekur ákvarðanir.

Við höfum getað fjárfest fjármunum og tíma í það hvernig fólk nálgast ákvarðanatöku og erum með allt okkar fólk, og þá sérstaklega stjórnendur, í þjálfun í leiðtogahæfni og það er risahluti af sjálfbærni.



Guðmundur Þ. Þórhallsson og Birgir Jónsson tóku við viðurkenningum fyrir sjálfbærnisráðgjafur.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Við erum flugfélag og þar af leiðandi í mjög mengandi iðnaði. Við getum verið með sparneytnustu vélar og hreyfla sem kostur er á en samt mengar þessi grein. Það sem við getum einbeitt okkur að er hvernig við tökum ákvarðanir, hvernig við erum uppbyggð sem félag og hvernig við komum fram í samfélaginu.

Með því að gera þetta frá grunni frá byrjun getum við tryggt að engar ákvarðanir eru teknar í fyrirtækinu án þess að vera fyrst settar í

gegnum ákveðinn sjálfbærnisfilter. Við erum með mjög öflugan aðila í því hlutverki sem heyrir beint undir forstjóra.

Ég finn það á ungu starfsfólki fyrirtækisins og við sjáum það á samfélagsmiðlum okkar að þessi mál eru komin í algeran forgrunn ungs fólks í dag. Við sem nýtt fyrirtæki verðum að hafa þessi mál í forgrunni hjá okkur og þess vegna er þessi viðurkenning okkur svo mikils virði,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Play. ■

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR



# TÖFRAR ÓSKASKRÍNS

– FELAST Í UPPLIFUN TIL AÐ NJÓTA



Kannski dettur vinum þínum og vandamönnum sjaldan í hug að gera eitthvað fyrir sjálfa sig þó að þeir eigi það svo sannarlega skilið. Þá er tilvalið að gefa þeim Óskaskrín.

**Skoðaðu úrvalið af skrínum á vefsíðu okkar, [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is).**

Fæst í Pennanum Eymundsson, Hagkaup og á [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is).



Eymundsson

HAGKAUP

577 5600 | [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is) | [oskaskrin.is](http://oskaskrin.is)



Óskaskrín



# Fasteignamarkaður knýr innflutta verðbólgu

Drífa Snædal og Vilhjálmur Birgisson segja bæði að skortur á íbúðarhúsnæði hafi áhrif á verðbólguna hérlandis. Þau segja verðbólguna þá einnig vera innflutta. Bæði búast þau við hörðum kjaraviðræðum í haust. Vilhjálmur segir verðbólguna hafa áhrif á kjaraviðræður en Drífa segir of snemmt að segja til um það.

sbt@frettabladid.is

„Ég var fegin að sjá í meirihlutasáttmálanum í Reykjavík að húsnæðismálin væru þar í öndvegi, enda hefði annað verið óeðlilegt,“ segir Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Hún segir húsnæðismarkaðinn vera mein fyrir alla, ekki einungis þá sem eru að reyna að komast inn á hann.

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um tæp tuttugu prósent frá yfirstandandi ári samkvæmt nýju fasteignamati Þjóðskrár Íslands árið 2023. „Það á svo eftir að athuga það hvort sveitarstjórnir grípi til aðgerða og lækki fasteignaskattsprósentuna á móti, annars túlkast þetta út í hækkaða fasteignaskatta,“ segir Drífa.

Drífa segir ekki hafa verið byggt nóg á árunum eftir hrún. „Við erum



Drífa og Vilhjálmur eru sammála um það að byrðarnar megi ekki lenda á heimilunum, neytendum eða launafólki í formi verðhækkana.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

## Nýjar leiðir í uppbyggingu opinberrar aðstöðu

### RÁÐSTEFNA FSRE

#### HVAMMUR, GRAND HÓTEL.

Fimmtudagur 9. júní kl 8:45 – 12:00

Meginhlutverk Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna FSRE er að skapa aðstöðu fyrir þjónustu ríkisins við borgarana.

Framundan er fjöldi framkvæmda af öllu tagi þar sem aðstaða er byggð, breytt og bætt. FSRE boðar til umræðufundar þar sem nýjar leiðir í opinberum innkaupum á byggingamarkaði verða kynntar. Sérstakur gestur fundarins er Jonni Laitto framkvæmdastjóri byggingaframkvæmda hjá Senaatti, systurstofnun FSRE í Finnlandi.

Aðilum á byggingamarkaði er sérstaklega boðið að mæta, en fundurinn er öllum opin, meðan húsrúm leyfir.

Aðgangur er ókeypis.

Skráning á fundinn fer fram á vef FSRE.

#### DAGSKRÁ:

Morgunverður		08:45
Nýjar leiðir - nauðsyn nýsköpunar - Ávarp	Guðrún Ingvarsdóttir	09:00
Innkaupaleiðir og útboðsform	Hildur Georgsdóttir	09:15
Hvernig gera Finnar þetta?		
Aðferðafræði Senaatti við innkaup	Jonni Laitto	09:35
Kaffi		10:15
Litla Hraun - Aðferðafræði FSRE	Hannes Frímánn Sigurðsson	10:30
Spurningar úr sal	Allir fyrirlesarar	11:00
Húsnæði viðbragðs- og löggæsluáðila staðan og framhaldið	Hannes Frímánn Sigurðsson	11:30

Framkvæmdasýslan  
Ríkiseignir



Til að hægt sé að auka hér kaupmátt þá segir það sig sjálft að launabreytingar þurfa að vera yfir 7,6%.



Drífa Snædal, forseti Alþýðusambands Íslands

peningamálastefnu gegn verðbólgunni. Hún segist ekki vera ánægð með endalausar vaxtahækkningar. „Síðan er þetta spurning um skadaminnkun að fara í tilfærslukerfin og léttu fólki lífið þar sem mögulegt er,“ bætir hún við.

#### Aðstæður á vinnumarkaði geri kjaraviðræður flóknar

Vilhjálmur segir það ljóst að verðbólgan muni hafa áhrif á kjaraviðræður. „Til að hægt sé að auka hér kaupmátt þá segir það sig sjálft að launabreytingar þurfa að vera yfir 7,6% til þess að það verði kaupmáttaraukning,“ segir hann og bætir við að ekki sé hægt að leggja allar byrðarnar á heimilin, neytendur og launafólk í formi hækkana á bensíni, matarverði, fasteignagjöldum og svo framvegis.

„Það eru alltaf þeir sem eru tekjulægstir sem finna mest fyrir verðbólgunni. Sérstaklega þegar nauðsynjar hækka, eins og núna með hækkan matar og bensins,“ segir Drífa.

„Þetta sýnir hvað leikurinn er ójafn á milli verslunar og þjónustu sem getur varpað sínum vanda samdægurs og jafnvel oft á dag inn í verðlagið til þess að mæta kostnaðarauka hjá sér, en launafólk þarf ætíð að bíða eftir því að kjarasamningar eru lausir til þess að reyna að rétta sinn hag af,“ segir Vilhjálmur.

„Við tökum heildstætt mat í haust á þessu,“ segir Drífa aðspurð hvort verðbólgan muni hafa áhrif á kjaraviðræður og launaþróun í landinu. Hún segir ekki ljóst hver áhrif verðbólgunnar verða. „Við metum þetta allt saman þegar þar að kemur,“ bætir hún við.

Vilhjálmur kallar eftir því að stjórnvöld, sveitarfélög og Seðlabankinn komi að kjaraviðræðum í haust. „Það er hægt að auka ráðstöfunartekjur fólks með fleiri þáttum en beinum launahækkunum,“ segir Vilhjálmur og bætir við að þar skipti aðkoma stjórnvalda og sveitarfélaga umtalsverðu máli. ■



Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins

einnig að fá mikið af innflytjendum og það verður ekkert lát á því, við þurfum fleira fólk til þess að leggja hönd á plóg,“ segir hún og bætir við að þær 3.500 til 5.000 íbúðir sem byggja þarf á næstu árum hafi væntanlega verið vanmat. Byggja þurfi fleiri íbúðir en það til þess að halda í við fjölda fólks sem leitar að íbúðum.

#### Húsnæðismarkaðurinn drifur upp verðbólguna

Síðustu mælingar Hagstofunnar segja verðbólguna vera 7,6 prósent. Hún hefur hækkað um þrjú prósentustig á einu ári og fimm prósentustig á tveimur árum. Spár segja verðbólguna eiga eftir að hækka enn frekar. Drífa segir húsnæðismarkaðinn og innflutta verðbólgu vera stærstu þættina í því.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Starfsgreinasambandsins, er sammála því sem Drífa segir. „Það er annars vegar skortur á íbúðarhúsnæði sem hefur gert það að verkum að fasteignaverð hefur rokið hér upp úr öllu valdi sem síðan smitast yfir í vititöluna. Síðan eru það afleiðingar í kringum kórónufaraldurinn og stríðið í Úkraínu, þessi innflutta verðbólga sem við erum að glíma við,“ segir Vilhjálmur í samtali við Fréttablaðið.

Drífa segir stjórnvöld geta beitt



# Arctic Adventures haslar sér völl í Alaska

Arctic Adventures hefur keypt tvö fyrirtæki í ferðaþjónustu sem sérhæfa sig í ferðum um Alaska og Kanada. Forstjórinn segir Arctic Adventures stefna að því að verða leiðandi fyrirtæki í ferðaþjónustu á norðurslóðum.

ggunnars@frettabladid.is

Sameiginlegt félag Arctic Adventures og Pt Capital hefur gengið frá kaupum á öllu hlutfé bandarísku fyrirtækjanna All Alaska Tours og Alaska Private Touring.

Arctic Adventures mun fara með 50,25 prósentu hlut í sameiginlegu félagi, Arctic Adventures Alaska.

All Alaska Tours var stofnað árið 1991 og skipuleggur ferðir til Alaska og Yukon í Kanada. Alaska Private Touring er systurfélag All Alaska Tours og sérhæfir sig í sérferðum á svæðinu.

Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri Arctic Adventures, segi Alaska að mörgu leyti svipaðan áfangastað og Ísland þar sem aðdráttaraflíð er af svipuðum toga.

„Það er margt sem við höfum fram að færa verandi leiðandi í ævintýra- og afþreyingarferðum á Íslandi og að sama skapi margt sem við getum lært af fyrirtæki með yfir 30 ára reynslu af skipulagningu ferða í Alaska. Arctic Adventures hefur þá sýn að verða leiðandi ferða- og ævintýrafyrirtæki á norðurslóðum og með því að bjóða All Alaska Tours og Alaska Private Touring

”

Við horfum á þessi kaup sem upphafið að vegferð sem mun skapa tækifæri til nýs vaxtarskeiðs.



Gréta María Grétarsdóttir, forstjóri Arctic Adventures

velkomna í Arctic Adventures-fjölskylduna höfum við tekið stórt skref í átt að því markmiði.“

Arctic Adventures var stofnað árið 1983 en í apríl 2020 var öllum starfsmönnum fyrirtækisins sagt upp vegna áhrifa heimsfaraldursins á fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Gréta María Grétarsdóttir, sem áður var framkvæmdastjóri Krónunnar, tók við sem forstjóri félagsins um síðustu áramót. Hún segir Alaska vera ört vaxandi áfangastað. „Við horfum á þessi kaup sem upphafið að vegferð sem mun skapa tækifæri til nýs vaxtarskeiðs innan samstæðu Arctic Adventures.“ ■



Forstjóri Arctic Adventures segir Alaska svipaðan áfangastað og Ísland.

MYND/ABSEND

8  
TO  
10  
JUNE  
2022

Smárinn  
Kópavogur  
Iceland

13<sup>th</sup>  
Icelandic  
Fisheries  
Exhibition  
& Awards  
IN PERSON ONLINE

The largest commercial fishing exhibition in the north

Íslenska sjávarútvegssýningin nær til allra þátta nútímalegs sjávarútvegs

Visit: [icefish.is](https://icefish.is)

Tel: +44 1329 825 335

Email: [info@icefish.is](mailto:info@icefish.is)

[in](#)
[f](#)
[t](#)
[v](#)

#2022icefish

Organiser:  
**mercatormedia**  
magazines events online

Sponsored by:  
**WORLD FISHING & AQUACULTURE** SINCE 1952 **Fiskifrétir**

Supported by:

Government of Iceland  
Ministry of Food, Agriculture and Fisheries

City of Kópavogur



## Óvænt líflína



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

**M**ed mikilli fjölgun stjórnmalaflokka og óróa um stjórn landsins síðasta áratuginn hafa kjósendur kallað eftir skýrari línun frá flokkum um hvernig þeir hyggjast haga sér að kosningum loknum. Þótt þessar óskir beinist einkum að mögulegu stjórnarsamstarfi er kannski ekki síður þörf á skýrum línun um það mikilvæga hlutverk sem flokkar í stjórnarandstöðu gegna við stjórn landsins.

Hlutverk stjórnarandstöðu er ekki sérstaklega vel skilgreint og venjur sem skapast hafa um stjórn landsins gefa ekki nema takmarkaðar vísbendingar. Ríkisstjórnarflokkar hafa tögl og hagdir í löggjafarhlutverki þingsins og halda um peningaveskið en stjórnarandstaðan lætur öðrum fremur til sín taka um eftirlit með framkvæmdarvaldinu; heldur ríkisstjórninni á tånun, heimtar skýrslur, kallar ráðherra á teppi.

Að öðru leyti eiga flokkar í minnihluta sjálfir val um hvernig þeir skilgreina hlutverk sitt. Á markmiðið að vera að velta stjórninni úr sessi eða á flokkur í stjórnarandstöðu fyrst og fremst að hafa eftirlit með því að stjórn landsins sé í góðu horfi og reyna eins og kostur er að hafa góð áhrif á sitjandi ríkisstjórn?

Ekki verður séð að íslenskir stjórnmalaflokkar hafi skýra stefnu um hvernig þeir vilja verja kröftum sínum í stjórnarandstöðu, að einum flokki undanskildum. Það er skýrt markmið Sjálfstæðisflokksins að vera í stjórn en ekki stjórnarandstöðu. Það breytist ekki þótt í stjórnarandstöðu sé komið. Þá er róid öllum árum að því að komast úr þeirri aðstöðu og í valdastöðu á ný. Sjálfstæðisflokkurinn hefur þannig aldrei gefið sig út fyrir að sinna gæðaeftirliti fyrir annarra flokka ríkisstjórnir. Ekki hvarflaði að Sjálfstæðisflokknum að reyna að betrubæta frumvarp Stjórnlagaráðs þegar hann veitti vinstri stjórninni andstöðu. Hann bara drap það og hefur setið í ríkisstjórn síðan.

Þetta er aðferð Sjálfstæðisflokksins, ólíkt þeim flokkum sem kasta nú líflínu til dómsmálaráðherra og falla á sverðið fyrir forsætisráðherra með því að gera ögn bærilegra það frumvarp sem kallað hefur verið „ógeðslegasta frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi.“

Það er auðvelt að hafa samúð með stjórnmalafólki sem vill leggja mikið í sölurnar fyrir fólk á flotta og beita áhrifum sínum, hversu lítil sem þau kunna að vera, til að bæta líf fólks. Fórarkostnaðurinn er að þinglið Vinstri grænna sleppur við að gera það eina sem stjórnarandstaðan hefur reynt að fá það til að gera síðustu árin. Sýna á spilin í útlendingamálum. ■



Ekki hvarflaði að Sjálfstæðisflokknum að reyna að betrubæta frumvarp stjórnlagaráðs þegar hann veitti vinstri stjórninni andstöðu.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

## Dagur fjórtán

Það vakti nokkra athygli á fyrsta fundi nýrrar borgarstjórnar í gær-dag að stuðningur við áframhaldandi setu Dags B. Eggertssonar í stól borgarstjóra flóði út af, ef svo má segja, en ekki einasta greiddu allir fulltrúar nýs meirihluta honum atkvæði sitt, heldur einn úr röðum minnihlutans. Gárungarnir hnykl-uðu vitaskuld brýnnar, en þó ekki nema í nokkrar sekúndur, svo auðvelt sem það reyndist að útiloka hverjir voru ekki þessi eini, nefnilega ekki Hildur, ekki Kolbrún, en alveg örugglega Líf Magneadóttir sem greiddi þar með atkvæði sitt af gömlum vana, ekki búin að átta sig á að hún er komin í minnihluta að eigin vali.

## Dagur úti

Annars sýnir ný könnun Maskínu um afstöðu fólks til nýja meirihlutans að það taka honum ekki allir fagnandi, en fleiri borgarþúar eru andsnúnir honum en velviljaðir. Með öðrum orðum er nákvæmlega 39,6 prósentum malarbúa illa við hann, en sléttum 37 prósentum vel við hann. Mest er sálan með meirihlutann í miðborginni og Vesturbænum, en fýlan eykst stórum eftir því sem austar dregur. Sem er ekkert annað en tækifæri fyrir Sjálfstæðisflokkinn, en með stofnun sjálfstæðra úthverfa næði flokkurinn örugglega aftur meirihluta, að minnsta kosti frá staðbundnum sjónarhóli séð. ■

## Pólitískur ómöguleiki stjórnvalda



Borgerður  
Katrín  
Gunnarsdóttir  
formaður  
Viðreisnar



Sennilega er stefnuleysi við stýri þjóðarskútunnar hinn sanni pólitíski ómöguleiki í íslenskum stjórnmálum

Stjórnmalin eru gerbreytt eftir innrásina í Úkraínu. Í Noregi hefur umræðan um aðild landsins að ESB orðið háværari, Svíþjóð og Finnland hafa sótt um aðild að NATO og Danir hafa kosið að hefja þátttöku í varnarsamstarfi ESB. Í nágrannaríkjunum er samstaða um þörfina fyrir endurmat og umræðu.

Öðru máli gegnir um viðbrögð stjórnvalda hér heima. Enginn áhugi á að endurmeta stöðu okkar. Allir valkostir slegir af borðinu og engar tillögur settar fram. Og auðvitað má alls ekki spyrja þjóðina.

Umræðan um varnarmál eykur vanlíðan VG við ríkisstjórnarborðið og hinir stjórnarflokkarnir eru meðvirkir. Þess vegna verður ekkert gert. Sennilega er stefnuleysi við stýri þjóðarskútunnar hinn sanni pólitíski ómöguleiki í íslenskum stjórnmálum.

Nú eru breyttir tímar og kostir ESB-aðildar blasa skýrt við. Ekki sist hvað öryggishagsmunir varðar. Rifjum upp þverfaglegu áhættumatsskýrsluna sem stjórnvöld létu gera eftir brotthvarf varnarliðsins. Mælt var með sterkara samstarfi Íslands við ESB þar sem landið stæði frammi fyrir áhættuþáttum ekki ósvipuðum þeim í öryggisstefnu ESB.

Meðmælin eiga líka við í dag. Eins og hin Norðurlöndin og evrópsk nágrannaríki Rússlands gera sér grein fyrir. Þau eru í engum vafa um mikilvægi sambandsins fyrir lýðræði og mannréttindi, enda stofnað til að viðhalda friði. Það hefur mikla þýðingu í heimsálfu sem þekkir hörmulegar afleiðingar stríðs.

Öryggi okkar nyti góðs af virkari þátttöku innan ESB og varnarsamstarfsins. Mikilvæg viðbót við aðildina að NATO sem ein og sér dugar ekki herlausri smáþjóð. Því í dag snýst öryggið ekki bara um innrásir og hefðbundinn hernað. Einnig um samfélagsöryggi og innviði þjóða, efnahag og almannavarnir, umhverfi og auðlindir, og svo margt fleira. Svo frelsi og lýðræði verði tryggt.

Við þurfum að styrkja varnir okkar á öllum sviðum og tryggja hagsmunir okkar í viðum skilningi. Þar er aðild að Evrópusambandinu augljós kostur. ■

Sjálfvirkur opunarþúnaður og snertilausir rofar frá **GEZE** Þýsk gæðavara.

**JARN&GLER**  
Skútuvoði 1h - Sími 585 8900  
www.jarngler.is



# ALLT

MIDVIKUDAGUR 8. júní 2022

KYNNINGARBLAÐ

Fjölskylduhátíð  
10.–12. júní  
í Grindavík

SJÓARINN  
SÍKÁTI



Epli eru gómsæt á bragðið og bráðholl fyrir heilsuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Epli á dag

thordisg@frettabladid.is

Epli á dag kemur heilsunni í lag, segir máltækið. En eru þau heilsusamlegri en aðrir ávextir og hafa mælanlega góð áhrif á heilsuna?

Epli eru sannarlega hollur kostur. Þau eru full af andoxunarefnum, trefjum, vítamínum og steinefnum, en ennig flavonóíðum sem geta styrkt ónæmiskerfi líkamans til varnar ýmsum sjúkdómum, þar á meðal krabbameini og hjartasjúkdómum.

Sé horft á innihald 100 gramma, eru epli trefjarikari en melónur, mangó eða greip, og tvisvar sinnum ríkari af A-vítamíni en perur. Epli innihalda hins vegar minna fólát en bláber og minna C-vítamín er appelsínur og bananar.

### Heilbrigður lífsstíll veigameiri

Í bandarískri rannsókn frá árinu 2015, þar sem úrtakið var 8.000 fullorðnir, var borinn saman fjöldi læknaheimsókna, spítalanóttu og lyfjaávisana til þeirra sem borðuðu epli og þeirra sem gerðu það ekki. Niðurstöður sýndu að þau sem snæddu að minnsta kosti eitt epli á dag voru aðeins ólíklegri til að þurfa læknaaðstoð eða lyf.

Munurinn hvarf hins vegar þegar rannsakendur báru niðurstöðurnar saman við félagslýðfræðileg og heilsutengd eigindi. Þá kom í ljós að það var ekki epli á dag sem kom heilsunni í lag, heldur sú staðreynd að fólk sem ástundar heilbrigðan lífsstíl leggur frekar í vana sinn að borða epli en þeir sem gera það ekki. Því gæti eplaátið falið í sér meiri ávinning fyrir heilsuna.

Þegar öllu er á botninn hvolft er því best að njóta úrvals ávaxta og grænmetis til að öðlast betri heilsu. ■



Jenny Björgvinsdóttir, stöðvarstjóri N1 Hvolsvelli, segir að stöðin sé mjög vinsæll áningarstaður og þar sé tekið á móti öllum með bros á vör.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## N1 Hlíðarenda tilvalinn áningarstaður á Suðurlandi

N1 Hlíðarenda er vinsæll viðkomustaður hjá þeim sem heimsækja náttúruperlurnar á Suðurlandi. Þar er boðið upp á fjölbreytt úrval af alls kyns ferskum mat á hverjum degi og nýbúið að innleiða nýjan matseðil. Skemmtilegur sumarleikur er líka að fara í gang. **2**





Á góðum sumardegi renna í kringum 5.000 manns í gegnum N1 Hlíðarenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Hlíðarendi er kjörinn viðkomustaður á leiðinni frá Reykjavík í heimsókn til vinsælla náttúruperla á Suðurlandi. Á góðum sumardegi renna í kringum 5.000 manns í gegnum stöðina og það er tekið á móti þeim öllum með bros á vör.

„N1 Hvolsvöllur, sem gjarnan er kallaður N1 Hlíðarendi, er svo sannarlega vinsæll viðkomustaður margra. Daglega fara fjölmargar rútur fullar af ferðamönnum í gegnum Hvolsvöll en bílstjórar og leiðsögumenn segja Hlíðarenda vera algjört skyldustopp,“ segir Jenný Björgvinsdóttir, stöðvarstjóri N1 Hvolsvelli. „Þar væsir ekki um þá, enda er Hlíðarendi þekktur fyrir að taka vel á móti öllum, hvort sem það eru viðskiptavinir, bílstjórar eða leiðsögumenn. Bílstjórar og leiðsögumenn hafa meira að segja sérstaka aðstöðu hérna hjá okkur þar sem þeir geta sest niður, spjallað og notið góðra veitinga.“

#### Ýmsar nýjungar á matseðlinum

„Veitingarnar sem boðið er upp á hér á N1 Hlíðarenda eru mjög fjölbreyttar,“ segir Jenný. „Fyrir stuttu innleiddum við nýjan matseðil og þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Af matseðli er hægt að panta hamburgara, samlokur, kjúklingarétti, fisk, súpur, smárétti og annað meðlæti en það er líka fjölmargt annað í boði á stöðinni.“

Það eru nokkrar nýjungar á matseðlinum, svo sem vegan jackfruit hamburgari, brakandi kjúklingalundir í vefju og kjúklingavængir,“ segir Jenný. „Við vorum líka að kynna nýjan barnamatseðil til sögunnar, en það eru þrír nýir réttir á honum. Það eru kjúklingafingur og fiskinaggar sem bornir eru fram með frónskum, ásamt kjötsúpu í barnastærð. Margir hafa talað um að kjötsúpan hjá okkur sé sú besta á landinu og það er því frábært að fá hana í hæfilegri stærð

” Það eru nokkrar nýjungar á matseðlinum, svo sem vegan jackfruit hamburgari, brakandi kjúklingalundir í vefju og kjúklingavængir. Við vorum líka að kynna nýjan barnamatseðil til sögunnar.

Jenný Björgvinsdóttir

fyrir börnin líka. Í sumar ætlum við svo líka að bjóða börnum upp á skemmtilegan glaðning með öllum barnamáltíðum.“

#### Ferskur matur á hverjum degi

„Bakkelsið okkar er nýbakað daglega, ásamt pönnukökunum landsfrægu, en daglega fara um 10 lítrar af pönnukökudeigi,“ segir Jenný. „Hér áður fyrr var aðeins boðið upp á pönnukökur á föstudögum, en vegna gifurlegra vinsælda eru þær nú bakaðar daglega á sex til átta pönnum í einu.“

Í eldhúsinu höfum við frábært starfsfólk sem framreiðir líka ýmsa hollustu daglega fyrir viðskiptavinir okkar, eins og boozt, smurðar beyglur, ferska ávexti og glútenlausar samlokur,“ segir Jenný.

#### Sumarleikur með glæsilega vinninga

„Nú er sumarið fram undan og eins og fyrri ár verðum við með skemmtilega sumarleikinn okkar Vegabréfið í gangi, þar sem fjölskyldan fær stimpla og ýmsa glaðninga þegar verslað er hjá okkur,“ segir Jenný. „Það eru svo glæsilegir vinningar í boði fyrir heppna vinningshafa í lok leiksins.“ ■



Áður var aðeins boðið upp á pönnukökur á föstudögum, en þær eru svo vinsælar að nú er bakað úr um 10 lítrum af pönnukökudeigi á hverjum degi.



Á N1 Hlíðarenda er meðal annars boðið upp á nýbakað bakkelsi á hverjum degi.



Daglega fara fjölmargar rútur fullar af ferðamönnum í gegnum Hvolsvöll en bílstjórar og leiðsögumenn segja Hlíðarenda vera skyldustopp.



Á N1 Hlíðarenda er boðið upp á fjölbreyttar veitingar og þar er nýbúið að innleiða nýjan matseðil.



# Bílablaðið

8. JÚNÍ 2022



MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

## Nýr smart #1 rafbíll frumsýndur

Frumskýning á nýjum smart #1 rafbíll fór fram í Evrópu í lok síðustu viku og var Ísland meðal þeirra staða þar sem bíllinn var frumsýndur, þar sem nýtt umboð opnar á næstunni. Bíllinn fer í forsölu í lok ársins og fyrstu eintökin væntanleg hér um mitt næsta ár. **2**



Einn af forvitnilegri bílum sem kynntir hafa verið að undanförunu er nýr Maxus rafþjapplingur. **8**



Volkswagen ID.5 var kynntur í Austurríki á dögunum en hann er kúpulaga útgáfa ID.4 rafbílsins. **6**



Mercedes-AMG One hefur loks verið frumsýndur en með honum er formúlubíll kominn á göturnar. **7**








### Stuð í útilegunni með Exide rafgeymum

Áreiðanlegir og sterkbyggðir AGM rafgeymar henta vel fyrir ferðavagna, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is).







Búast má við að áherslan verði á fjórhjóladrifsbílinn sem mun kosta frá 7.490.000 kr.

## Styttist í kynningu Toyota bZ4X

njall@frettabladid.is

Toyota í Evrópu hefur blásið til kynningar á fyrsta alvöru rafbíll merkisins, en það er sportjeppinn bZ4X. Kynning á bílnum fyrir blaðamenn fer fram í Kaupmannahöfn í vikunni en hérlandis verður hún fyrripart júlímánaðar.

Verðið á bílnum hefur verið kynnt á heimasíðu Toyota en grunnverð hans verður 6.990.000 kr. en fjórhjóladrifinn mun hann kosta frá 7.490.000 kr. Framdrifsútgáfa hans verður með allt að 500 km drægi en fjórhjóladrifsútgáfan með allt að 460 km drægi, en hestöfl beggja bílanna verða þau sömu eða 218 hestöfl. ■



Frá valinu 2015 en keppt er um verðlaunagripinn Stálstyrði.

## Sjö bílar í úrslit

njall@frettabladid.is

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) hefur valið þá sjö bíla sem komnir eru í úrslit í valinu á Bíl ársins á Íslandi 2022. Eru það bílarnir Aways U5, Ford Mustang Mach-E, Hyundai Ioniq 5, Kia EV6, Mercedes-Benz EQS, Polestar 2 og Volkswagen ID.5 sem keppa til úrslita að þessu sinni.

BÍBB ákváð að sleppa því að flokka bílana nú vegna þess að innflutningur á bílum til Íslands er orðinn mjög einsleitur og erfitt að finna bíla í marga flokka. Sést það vel á því að bílarnir í úrslitum núna eru allir 100% rafbílar og flestir í sama stærðarflokki. Tilkynnt verður um hvaða bíll hlýtur titilinn Bíll ársins á Íslandi 2022 seinna í þessum mánuði. ■

# Askja frumsýnir smart #1

Ný bílamerki á Íslandi vekja alltaf athygli og ekki síst þegar þau hafa þegar skapað sér markað erlendis. Smábílar handa almenningi var aðalsmerki smart en með smart #1 hefur merkið fært sig yfir í rafbíla fyrir alla.

njall@frettabladid.is

Askja frumsýndi í Grósku á fimmtudaginn nýjan bíl sem fer brátt í sölu hérlandis en það er næsta kynslóð smart. Á Íslandi sem annars staðar í Evrópu mun forsala á nýja smart #1 rafbílnum hefjast í lok ársins en fyrstu afhendingar á bílnum verða um mitt næsta ár. Fyrstu bílarnir verða í svokallaðri Launch Edition-útgáfu sem er með nánast samskonar útliti og Concept #1 tilraunabíllinn sem frumsýndur var í München í fyrra.

Bíllinn kemur á nýjum undirvagni frá Geely í Kína sem kallast SEA og verður undir fleiri smart-bílum í framtíðinni. Samkvæmt talsmönnum smart munu bílar merkisins bera númer líkt og #1 eftir þeirri röð sem þeir koma í en ekki eftir stærð. Smart #1 mun koma með 66 kWst rafhlöðu sem hægt er að hlaða með allt að 150 kW hleðslustöð í 80% hleðslu á undir 30 mínútum. Með 22 kW heimahleðslustöð mun taka um þrjú tíma að komast í 80% hleðslu. Bíllinn verður afturdrifinn og mun skila 268 hestöflum og 343 Nm tugi. Aðrar tölur sem við vitum um bílinn eru að hann verður 1.820 kg að þyngd og hámarkshraðinn 180



Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, svipti hulunni af bílnum með aðstoð Sarah Junghardt frá smart.

» Að sögn talsmanna smart er bíllinn mjög rúmgóður og með svipað rými innandyrá og E-lína Mercedes-Benz.

km á klst. Bíllinn er 4.270 mm að lengd og með 2.750 mm hjólhaf, sem gerir hann að stærsta smart bílnum hingað til, og því mun merkið ekki einungis halda sig við smábíla eins og áður. Að sögn talsmanna smart er bíllinn mjög rúmgóður og er með svipað rými innandyrá og E-lína Mercedes-



Blaðamanni gafst tækifæri til að mæta bílnum á frumsýningunni en reynsluakstur biður þar til seinna.

Benz. Plássið aftur í verður 411 lítrar en einnig er 15 lítra hólf undir húddinu.

Um tæknilega fullkominn bíl er að ræða í smart #1. Í miðju mælaborðinu er 12,8 tommu upplýsingaskjær en fyrir framan öku-mann er 9,2 tommu skjár ásamt 10 tommu framrúðuskjá. Bíllinn mun koma með Level 2 sjálfkeysrlubúnaði sem gerir honum kleift að taka af stað og stoppa sjálfum í þungri umferð, halda sig innan akreinar, aka sjálfur í stæði og með sjálfvirkan háan ljósgeisla. Auk þess verður í honum ýmiss konar afþreyingarbúnaður þótt Evrópu-útgáfan verði að öllum líkindum ekki með karaoke-kerfi eins og sú kínverska. ■

## Hulunni svipt af Defender 130

njall@frettabladid.is

Land Rover í Bretlandi kynnti í síðustu viku Defender 130 sem er fjórða og nýjasta útgáfa bílsins á eftir Defender 90, Defender 110 og Defender Hard Top. Nýr Defender 130 er 34 sentimetrum lengri að aftan en Defender 110 og kemur meðal annars í fyrstu útgáfu sem verður búin sérstökum séreinkennum í ytra útliti og í farþegarýminu auk þess sem staðalbúnaður verður aukinn í tilefni frumsýningarinnar.

Meðal búnaðar verða geymsluhólf fyrir hvern og einn farþega í öllum þremur sætaröðunum



Defender 130 er 34 sentimetrum lengri en 110 útgáfan.

» Fyrsta útgáfa bílsins verður með séreinkennum í ytra útliti.

ásamt greiðu aðgengi að þriðju sætaröðinni og birtu gegnum tvískipt glerþak. Dæmi um annan búnað er m.a. loftpúðafjöðrun, 90 sm vaðgeta og 11,4 tommu Pivi Pro snertiskjær. Einnig má nefna Matrix díóðu aðalljós, hita í öllum sætum, fjögurra kerfa loftræstingu og Meridian hljóðkerfi. Land Rover býður Defender 130 með P300

og P400 sex strokka Ingenium bensínvélum með mildri tvínn-tækni og D250 og D300 sex strokka Ingenium dísilvélum. Er P300 vélin með hröðun úr kyrrstöðu í 100 km/klst á 8 sekúndum, en 6,6 sekúndur með P400.

Allar útgáfur Defender 130 eru búnar aldri og átta þrepa ZF sjálfskiptingu, ásamt því sem rafstýrd loftpúðafjöðrun og háþrúð drifstækni hámarka akstursegingleika og drifgetu við mismunandi vegastæður. Nánari grein verður gerð fyrir búnaðarvali í haust þegar von er á fyrstu sendingu nýrra Land Rover Defender 130 til landsins. ■

# LIPINORM A-800

Ert þú að glíma við of hátt gildi kólesteróls í blóðinu?

Besta ráðið er aukin dagleg hreyfing og breytt matarræði.


Lipinorm A-800 er góð viðbót við þá lífsstílsbreytingu. Virk náttúruleg innihaldsefni í Lipinorm stuðla að eðlilegri blóðfitu og hjartastarfssemi.

Ekki slá vandamálinu á frest og hugsaðu með hjartanu.

Fæst í apótekum og almennum verslunum.







# e-tron GT

## Rafmagnaður draumur.

→ Keyrðu inn í sumarið  
á nýjum e-tron GT!



Drægni allt að 475 km (WLTP) - 469 hestöfl - Quattro fjórhjóladrif - Hröðun 0-100 km/klst 4,1 sek



Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → [www.hekla.is](http://www.hekla.is)  
Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílaskjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á → [www.hekla.is/audisalur](http://www.hekla.is/audisalur)

Fylgdu okkur @audi →   





Eins og sjá má er Polestar 3 eins og útblásin útgáfa Polestar 2 líkt og Tesla Model Y er stærri útgáfa Model 3.

MYND/POLESTAR

## Polestar 3 kynntur í haust

njall@frettabladid.is

Polestar hefur tilkynnt að næsti bill merkisins, Polestar 3 verði kynntur í október á þessu ári. Hægt verður að panta bílinn frá þeirri dagsetningu sem hann verður kynntur á.

Með fréttatilkyningunni sendir Polestar frá sér mynd af bílnum með aðeins léttum dulbúningi. Þar sést greinilega að um hærri bíl en Polestar 2 er að ræða sem byggir þó á útliti hans. Sama

svip má sjá á bílnum að framanverðu með samskonar hönnun á grilli og ljósum.

Polestar 3 virðist líka vera með innfelldum hurðarhandföngum. Billinn mun nota sama SPA2 undirvagn og nýr Volvo XC90 en þó með einhverjum breytingum því að Polestar 3 verður ekki með þriðju sætaröðinni. Hann verður smíðaður í sömu verksmiðju í Suður-Karólínu og mun mesta salan fara fram í Bandaríkjunum. ■



Nýr GLC fær nýja framendann en er ekki mikið stærri en fyrirrennarinn.

MYND/MERCEDES

## Nýr GLC heimsfrumsýndur

njall@frettabladid.is

Mercedes GLC er söluhæsti bill merkisins með yfir 2,6 milljón seld eintök árlega og því eru það miklar fréttir þegar ný útgáfa hans kemur á markað. Önnur kynslóð hans felur í sér þrjár tengiltvinnútgáfur sem hafa allt að 100 km drægi.

Billinn er byggður á sama MRA2 undirvagni og C-línan og þótt billinn hafi stækkað er það samt ekki mikið. Útlitið er kunnuglegt og í stíl við nýjustu breytingar hjá

Mercedes. Billinn er 4.716 mm að lengd og er hann því 60 mm lengri en fyrri kynslóð. Hann er samt 4 mm lægri og þótt breidd milli hjóla sé meiri er heildarbreidd bílsins óbreytt. Lengdarbreytingin er aðallega á fráfallshorni en hún bætir 50 lítrum við farangursýmið.

Að sögn Jónas Kára Eiríkssonar hjá Öskju kemur billinn hingað til lands í lok nóvember og þá aðeins í tengiltvinnútgáfunum. Verð á bílnum mun liggja fyrir eftir nokkrar vikur. ■



Rafdrifna útgáfan er nánast eins í útliti með smávægilegum áherslubreytingum en hún er 308 hestöfl og með 494 Nm tugi.

MYND/BMW

## Þriðja kynslóð BMW X1 komin fram

njall@frettabladid.is

Hönnuðir BMW hafa verið iðnir við kolann að undanförunum en nýjasti billinn sem frumsýndur er frá þeim er þriðja kynslóð X1 jepplingsins. Um stærri bíl er að ræða en áður en hann er nú 4.500 mm að lengd sem er 53 mm meira en áður. Einnig breiðkar hann nokkuð og hjólhafið lengist um 22 mm en billinn er enn á UKL2 undirvagninum þrátt fyrir kynslóðarskiptin. Það sem réttlætir breytinguna

er að hann kemur nú einnig í rafdrifinni útgáfu sem með tveimur rafmótorum skilar 308 hestöflum og 494 Nm af tugi. Þannig getur hann náð 100 km hraða á aðeins 5,7 sekúndum en drægið er 440 km frá 64,7 kWst rafhlöðu. Bílarnir líta nánast eins út en rafbillinn er með smábreytingum á loftflæði og bláa línan undirstrikar rafvirknina.

Verð hefur ekki verið gefið út ennþá en sala á rafbílnum hefst í sumarlok, um leið og á tengiltvinnútgáfunni. ■



Aftur til framtíðar er það sem kemur upp í hugann þegar horft er á nýjan DeLorean.

MYND/DELOREAN

# Aftur til framtíðar með DeLorean Alpha5 rafbílnum

DeLorean hefur frumsýnt bíl í fyrsta skipti í 40 ár og er hann rafdrifinn að þessu sinni. Billinn kallast Alpha5 og er með vængjahurðum sem eiga að auðvelda mjög aðgengi um bílinn.

njall@frettabladid.is

Um langan og ávalan bíl er að ræða með löngu húddi, breiðum hjóla-skálum og þaklínu sem mjókkar aftur. Lögd er mikil áhersla á loftflæðihönnun í bílnum og hlutir eins og lokaðar felgur og grill ásamt stórum loftdreifara að aftan gera honum kleift að ná loftmótstöðu niður í 0,23 Cd að sögn DeLorean.

Alpha5 er 100% rafdrifinn og mun rafhladan vera yfir 100 kWst sem gefur honum um 500 km

» Lögd er mikil áhersla á loftflæðihönnun í bílnum og hlutir eins og lokaðar felgur og grill ásamt stórum loftdreifara gera honum kleift að ná loftmótstöðu niður í 0,23 Cd.

drægi. DeLorean hefur látið hafa eftir sér að upptakið í 100 km væri innan við 3 sekúndur, en með tilvísun í myndina Back to the Future er upptakið í 88 mílur gefið upp sem 4.35 sekúndur, en það er um 150 km á klst.

Billinn er með sæti fyrir fjóra í sportstólum og fram í er stór upplýsingaskjær fyrir miðju ásamt skjá fyrir ökumann bak við stýrið. Líklegast er hér um öflugasta DeLorean bílinn að ræða en von er á fleiri bílum sem munu bera lægri tölu í Alpha nafninu. Alpha5 er svipaður að stærð og Porsche Taycan eða rétt tæpir fimm metrar að lengd, 2.044 mm á breidd og aðeins 1.370 mm á hæð. Billinn verður frumsýndur endanlega á Pebble Beach-bílasýningunni um miðjan ágúst. ■



Sjá má líkindi við fyrri kynslóð eins og fljótandi C-bitu og nýjungar eins og ljósaröð yfir breidd bílsins.

MYND/LEXUS

## Lexus frumsýnir nýjan RX

njall@frettabladid.is

Lexus hefur frumsýnt fimmtu kynslóð RX sportjeppans í tvínnútfærslu eingöngu fyrir Evrópumarkað. Billinn kemur á sama GA-K undirvagni og hinn minni NX sem frumsýndur var í fyrra. Billinn er mjög svipaður fyrri kynslóð að stærð og er lengd hans sú sama eða 4.890 mm. Hann er hins vegar 25 mm breiðari og 10 mm lægri en fyrri kynslóð.

Með nýja undirvagninum er billinn þó með 60 mm meira hjólhaf og eru hjólin því mun utar en áður. Að innan hefur Lexus valið að

» Billinn kemur á sama GA-K undirvagni og hinn minni Lexus NX sem þýðir að hjólhafið eykst um 60 mm frá fyrri kynslóð.

nota samskonar Tazuna útlit og í NX með 14 tommu snertiskjá fyrir miðju. Aðeins verða tvær fjögurra strokka vélar í boði en engin sex strokka eins og áður. Tvær útgáfur 2,5 lítra vélarinnar, önnur með tvínnúttækni og hin með tengiltvinnbúnaði eru í boði og skilar sú síðari 302 hestöflum. Loks er F-Sport útgáfa með 2,4 lítra vél með forþjöppu sem er fyrsta tinnvél frá Lexus með slíkum búnaði. Sú vél skilar 366 hestöflum og 645 Nm tugi og er upptakið aðeins 5,9 sekúndur í hundradíð.

Fyrstu afhendingar á bílnum í Evrópu verða á nýju ári. ■



# VORBOÐINN

## LJÚFI BRENDERUP KERRUR Í MIKLU ÚRVALI

Kerrur með burðargetu undir 750 kg  
frá **175.000 kr**




Kerrur með burðargetu yfir 750 kg  
frá **599.000 kr**



Bíla og flutningakerrur  
frá **859.000 kr**



Hjóla og tækjakerrur  
frá **239.900 kr**



**Bilanaust**  
FYRIR FÓLK  
Á FERÐINI

STÓRVERSLUN  
BÍLDHÖFÐA 12  
110 REYKJAVÍK  
S. 535 9000

Bæjarhrauni 12  
220 Hafnarfirði  
S. 555 4800

Hafnargata 52  
260 Reykjanesbæ  
S. 421 7510

Hrísmýri 7  
800 Selfossi  
S. 482 4200

Furuvöllum 15  
600 Akureyri  
S. 535 9085

Sólvangi 5  
700 Egilsstöðum  
S. 471 1244

[www.bilanaust.is](http://www.bilanaust.is)





Reynsluakstur

# ID.5 GTX

Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

## KOSTIR

- Nýr hugbúnaður
- Tilfinning fyrir akstri

## GALLAR

- Þyngd
- Höfuðrými aftur í

**Grunnverð:** 7.690.000 kr.  
**Hestöfl:** 299  
**Tog:** 472 Nm  
**Hámarkshraði:** 180 km

**Hröðun 0-100 km:** 6,3 sek.  
**Rafhlaða:** 77 kWst  
**Hleðsla DC:** 135 kW  
**Hleðsla AC:** 11 kW

**Drægi:** 493 km  
**L/B/H:** 4.599/1.852/1.615 mm  
**Hjólhaf:** 2.771 mm  
**Eigin þyngd:** 2.167 kg



Kóngarauður billinn tók sig vel út í fallegu umhverfi austurrísku Alpanna þar sem vorið var allsráðandi.

MYNDIR/NJÁLL  
GUNNLAUGSSON

## Hvers manns hugljúfi

Nýr Volkswagen ID.5 er mættur á svæðið og þótt hann fái nýtt tegundarheiti er hann um margt sami bíllinn og VW ID.4.

Volkswagen kynnti á dögunum ID.5 rafbílinn í austurrísku Ölpunum með pompi og prakt. Það að kynna nýjan rafmagnsbíl er eins og að skipta yfir í næstu kynslóð af farsíma, mikið er gert úr nýjum tæknilegum nýjungum frekar en bættum aksturseginnleikum bílsins. Þannig var það á skíðahótelinu sem blaðamannahópurinn gisti á og sérstakur kynningarfulltrúi Volkswagen settist hjá okkur og byrjaði að tala um tækninýjungar bílsins. Íslensku blaðamennirnir létu sér nú fátt um finnast því þeir voru þangað mættir til að keyra bílinn.

Volkswagen kemur með nýja hugbúnaðarútgáfu í þessum bíl sem kallast 3.1 og leyfir meðal annars allt að 135 kW hleðslu og bætir við eiginleikum eins og að bíllinn getur nú lagt sjálfur í stæði. Með aðstöð myndavéla og leiðsögukerfis getur bíllinn plottað fimm leiðir í stæði, jafnvel sem er nokkra vegalengd í burtu og gafst okkur færi á að prófa þetta í reynsluakstrinum. Í raun og veru er þessi búnaður fyrsta stig sjálfakandi bíls, enda verður slíkur búnaður sífellt fyrirferðarmeiri með hverjum bílnum sem prófaður er. Með nýja hugbúnaðinum getur bíllinn líka hjálpað öikumanni að ákveða hvenær og hvernig hann þarf að hlaða eftir því hvernig

leiðin liggur og hvernig ökumaður hagar akstrinum. Hversu vel það virkar hérlandis skal þó ósagt látið en líklega verður það þó hægt með tíð og tíma.

Að setjast inn í ID.5 er nákvæmlega sama tilfinningin og að prófa ID.4, því að um sama bíl er að ræða í grunninn. Því má ekki búast við annarri upplifun frá stjórnþúnaði eða upplýsingaskjám. Allir ID.5 koma með sólþakinu sem hefur þau áhrif að höfuðrými við gluggabrun er minna. Rýmið innandyrja er það sama en það er meira pláss í farangursrými ID.5 þar sem hann hefur sex lítra á ID.4 bílinn. Um sama undirvagn og framhluta er að ræða og í ID.4. Bíllinn virkar dálítið þungur en er samt snöggur af stað í GTX útgáfunni eða 6,3 sekúndur í hundraði. Hann er ekki að eyða miklu rafmagni þrátt fyrir það og 77 kWst rafhlaðan gefur honum aðeins aukið drægi miðað við ID.4 vegna minni loftmótstöðu. Minni loftmótstaða gerir bílinn líka enn hljóðlátari. Aukinheldur getur bíllinn nú dregið allt að 1.200 kg eftirvagn. Endurhlöðunarbremsan er sjálfvirk í ID.5 að því leyti að bíllinn metur veginn fram undan og hægir meira á bílnum með henni, ef umferðin hægir á sér eða beygja eða hringtorg gera vart við sig. Með framrúðuskjámum gera grænar línur vart við sig sem eiga að hjálpa til við aksturinn. Stýrið í ID.5 gefur meiri tilfinningu en í flestum rafmagnsbílum og virkar líka fyrir vikið aðeins þyngra. Volkswagen virðist hafa lagt á



Skottið opnast vel upp og auðvelt er að hlaða töskum þar sem að það er ekki mikil brún.



Eins og sjá má er höfuð blaðamanns talsvert fyrir ofan efsta hluta hurðarkantsins.



Afturrúða hallar mikið aftur og kemur ekki með afturrúðupurrku frekar en margur rafmagnsbíllinn.

sig að gefa bílnum meiri tilfinningu sem finnst líka gegnum stóra pedalana og bíllinn er því laus við skrykki og rykki sem sumir rafbilar hafa í einhverju magni.

Meðal staðalbúnaðar eru sólþak, Matrix aðalljós, rafdrifinn afturhleri, þrískipt miðstöð, framrúðuskjær og rafstýrð sæti. Með Style-bílnum bæstast við 20 tommu felgur og sportlegri undirvagn með fleiri akstursstillingum. Um marga keppinauta er að ræða þegar kemur að öðrum rafbílum í sama flokki en þeir myndu þó helst vera Skoda Enyaq, Audi Q4 e-tron, BMW iX3, Mustang Mach-E, Kia EV6, Tesla Model Y og Polestar 2. Með grunnverð á þeim mikla flota í huga er ID.5 um miðjan hópinn. ■





Loftflæði er jafnmikilvægt í þessum bíl eins og í formúlubíl enda er tæknin þaðan notuð til hins itrasta.

MYND/MERCEDES

## Mercedes-AMG One loksins frumsýndur

Að breyta formúlubíl á þann hátt að hann verði löglegur götubíll er engin smá áskorun en tæknimönnun Mercedes-AMG tókst hið ómögulega.

njall@frettabladid.is

Eftir nokkuð langa bið hefur ofursportbíllinn Mercedes-AMG One verið frumsýndur sem framleiðslubíll. Hann verður þó ekki ódýr en grunnverð hans verður frá 400 milljónum íslenskra króna. Það þarf ekki að koma á óvart þegar horft er á tæknina sem bíúð er að setja í þennan bíl en tvinnvélin kemur beint úr Formúlu 1 og skilar samtals 1.048 hestöflum.

Nú kynnu kannski sumir að halda að um stóra V8-vél sé að ræða en vélin er aðeins 1,6 lítra V6-vél sem drífur afturhjólin gegnum sjö þrepa sjálfskiptingu. Vélin skilar samt 566 hestöflum þrátt fyrir litla stærð enda snýst hún upp í 11.000 snúninga. Hún er tengd við 8,4 kWst rafhlöðu sem er tengd fjórum rafmótorum. Tveir þeirra eru við framhjólin, einn við vélin og sá fjórði sér um að blása lofti inn á forþjöppuna. Uptakið er því aðeins 2,9

» 1,6 lítra V6-vélin skilar 566 hestöflum gegnum forþjöppu sem knúin er áfram með rafmótor. Uptakið er því aðeins 2,9 sekúndur í hundræðið og hámarkshraðinn 350 km á klst.

sekúndur og hámarkshraðinn 350 km á klst.

Ef þessi lýsing var ekki nóg til að fá tækninördinn til að slefa er hönnun yfirbyggingar og grindar ekki síðri. Um einrýmishönnun úr koltrefjum er að ræða og er vélin og girkassinn hluti af grindarbyggingu bílsins. Yfirbyggingin er öll úr koltrefjum enda bíllinn aðeins 1.695 kíló. Fjögðrunin er með fimm arma fjöllidafjögðrun allan hringinn og vökvademparnir eru að sjálfsgöðu stillanlegir. Loftflæði bílsins breytist svo eftir akstri en hægt er að breyta loftflæði inn í brettum, opna eða þrengja loftdreifara og breyta halla vindskeiðar. ■



Stýrið sleppur heldur ekki við formúlulíkindin eins og sjá má.

## ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARDUR?

**Man Power** er hannað fyrir karlmenn sem vilja **auka orku** og **úthald** í rúminu.

**Man Power** inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.



Man Power fæst í Fjarðarkaup, Hagkaup og apótekum.





Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Maxus Euniq 6

## KOSTIR

- Aðgengi
- Farangursrými
- Verð

## GALLAR

- Dráttargeta
- Niðurfærslugír
- Enginn aðdráttur á stýri

**Grunnverð:** 5.950.000 kr.  
**Hestöfl:** 177  
**Tog:** 310 Nm  
**Hámarks hraði:** 160 km  
**Hröðun 0-100 km:** Ekki gefið upp

**Rafhlaða:** 70 kWst  
**Hleðslutími DC:** 35 mín.  
**Hleðslutími AC:** 10 klst.  
**Drægi bl. akst:** 354 km  
**L/B/H:** 4.735/1.860/1.736 mm

**Hjólhaf:** 2.760 mm  
**Veghæð:** 190 mm  
**Eigin þyngd:** 1.885 kg  
**Farangursrými:** 754 lítrar  
**Dráttargeta:** 400 kg



**Bíllinn er mjög rúmgóður og aðgengi með besta móti. Gott pláss er á milli sætaraða og farangursrýmið slær öll met.**



Það eru fallegar línur í Euniq 6 með frekar háu húddi og mjóslegnum ljósum.

MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON



Það verður ekki sagt annað en að bíllinn leggist dálítið á hornin þrátt fyrir MacPherson-fjöðrunina, eins og sjá má í þessari beygju.



Ekkert hölf er undir húddi og aðeins plastlok fyrir aðgengi að nauðsynlegum vökvum og rafbúnaði.



Undir rúmgóðu farangursrýminu er stærðarinnar hölf og ef það er ekki nóg er annað þar undir.

## Vött á vægu verði

Þótt Maxus merkið hafi komið á markað hérlandis í fyrra er Euniq 6 sá bíll sem beðið hefur verið eftir og gert getur mikið fyrir merkið, enda keppir hann í vinsælasta söluflokkinum.

Maxus er nýtt bílamerki á Íslandi en umboð þessara bíla, Vatt ehf. er í eigu Suzuki umboðsins á Íslandi. Maxus framleiðir bæði rafbíla og bíla með brunahreyflum en rafbílarirnir hafa aðeins verið fluttir hingað til lands. Bílarnir eru fluttir inn frá Noregi þar sem innflutningsaðilinn í Evrópu er staðsettur. Euniq 6 er þriðji bíllinn frá Maxus en fyrir eru Euniq 5 fjölnotabíllinn og e-Deliver sendibíllinn. Hann var kynntur í Noregi fyrir tveimur mánuðum en er nú kominn í sölu á Íslandi.

Við kynninguna í Noregi var boðið uppá stuttan reynsluakstur í nágrenni Osló en okkur þótti réttara að bíða með eiginlega umfjöllun þar til lengri reynsluakstri á bílnum væri lokið hérlandis. Við fyrstu kynni er greinilegt að nýr Maxus hefur tekið stórstígum framförum í hönnun og frágangi. Það er hvergi greinilegra en innan-dýra þar sem frágangur er mun betri ásamt efnisvali og bíllinn ber þess merki að meira hefur verið lagt í hönnun hans. Fyrir það fyrsta er hann mjög rúmgóður og aðgengi með besta móti. Gott pláss er á milli sætaraða og farangursrýmið slær

öll met. Það er heilir 754 lítrar enda er stórt hölf undir gólfinu, og annað minna undir því. Eini gallinn á gjöf Njarðar er frágangurinn þar. Gólfplatan er frekar efnislítill og fyrirferðamikil svo að erfitt er að smokra henni út úr bílnum. Sætin í bílnum eru góð, bæði djúp og þægileg og þar sem veghæð hans er góð er innstigið beint inn í bíllinn. Ekki skemmir heldur fyrir að enginn sílsabiti er fyrir innstiginu og stórar hurðirnar opnast mjög vel. Loks er útsýni með besta móti og hjálpast þar margt að eins og stórir hliðarspeglar og hliðarrúður sem ná vel niður.

Þegar kemur að tækninni í bílnum er strax mikill munur á honum og fyrri Maxus bílum sem undirritaður hefur prófað. Notendaviðmót í margmiðlunarskjá er einfalt á stórum skjá og Apple CarPlay er staðalbúnaður. Ekkert leiðsögukerfi er í bílnum nema í gegnum Apple CarPlay. Afl rafmótors er 177 hestöfl gegnum framdrif bílsins og 70 kWst rafhlaðan er gefin upp fyrir 354 km í blönduðum akstri. Stóð Eunoq 6 sig vel í nýafstöðnu drægniprófi motor.no þar sem hann komst 388,4 km áður en hann varð rafmagnslaus, en það var 9,72% yfir uppgefnu drægi. Akstursviðmót hans er þó ekki gallalaust en það er helst niðurfærslugír sem hleður inn á rafhlöðuna sem er ekki nógu góður. Þar er aðeins ein stilling í boði sem gerir ekki mikið til að draga úr

ferðinni svo að akstur með einum fót er ekki alltaf mögulegur. Þótt bíllinn sé nokkuð sprækur er hann ekki snöggur af stað eins og títt er um rafmagnsbíla og minnir upptakið frekar á dísilbíl með smá hiki í byrjun. Aflið kemur svo inn með meira tugi en ekki er mikill munur á Euniq 6 í mismunandi aksturstillingum. Í akstri gerir mjúk fjöðrun það að verkum að hann leggst dálítið á hornin, en á móti kemur að hún tekur vel við öjöfnum. Fjöðrunin er sjálfstæð MacPherson að framan og fjölliða fjöðrun að aftan. Hann virkar frekar dauður í stýri og ekki er hægt að stilla aðdrátt, sem er ókostur í svona stórum bíl þegar maður vill sitja aftarlega.

Óhætt er að segja að kaupendur að Euniq 6 fái rúmgóðan bíl sem er vel búinn fyrir þær tæpar sex milljónir sem hann kostar. Það er bíll með sólþaki, stöðugleika-stýringu, neyðarhemlun, akreina-vara, 360 gráðu myndavél með fjarlægðarskynjurum, rafstýrðum afturhlera og díóðuljósum allan hringinn. Hans helstu keppinautar koma einnig frá Kína en það er Marvel R sem kostar frá 6.499.000 kr og Aways U5 frá sama umboði sem kostar frá 5.190.000 kr. Maxus Euniq 6 er betur búinn en U5 en Marvel hefur á hann að bjóða upp á fjórhjóladrif, sem er þó ekki virkt í bakkgríp. Þeir eru svipaðir í drægi með jafnstóra rafhlöðu en MG bíllinn hálfri milljón dýrari. ■



Fótapláss og höfuðrými í aftur-sætum er með besta móti í Euniq 6.



Í mælaborði er 12,3 tommu skjár og miðjuskjárinn er 10,4 tommur.



Takki fyrir rafstýrðan afturhlerann er á nýstárlegum stað.



# Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á [ergo.is](http://ergo.is)

ergo  GRÆN LÁN





Sigurvegarrar keppninnar voru Kalle Rovanpera og Jonne Halttunen. MYNDIR/GUNNLAUGUR EINAR BRIEM

## Fimmtíu ár af alvöru akstri

Á fimmtíu ára afmæli heimsmeistarakeppninnar í ralli lögðu tveir Íslendingar land undir fót og fylgdust með WRC keppninni í Portúgal sem fram fór 19.-22. maí síðastliðinn

Páll Halldór Halldórsson

Það var mikið lagt undir af hálfu keppnishaldara og mættu margir fyrrum heimsmeistarar til Porto, eins og Walter Röhrl, Carlos Sainz, Ari Vatanen, Miki Biasion, Marcus Grönholm, Petter Solberg, Ott Tanak, áttfalda meistarinn Sébas-

tien Ogier og meistari meistaranna Sébastien Loeb sem varð ný sinnum meistari. Allt hetjur fyrri ára sem rallunnendur þekkja vel og þeir tveir síðastnefndu skráðir til leiks í þessari keppni. Margir gömlu bíla þessara meistarara sáust á nokkrum sérvöldum keppnisleiðum og sáust þá greinilega þær miklu framfarir sem hafa átt sér stað í hönnun, krafti og akstur-eiginleikum.

Helstu nýjungar þessa árs snúa að orkuskiptum og verksmiðjuliðin eru með tvinnbílum, þar sem tvinnbúnaðurinn einn og sér er 84 kg og vökvar 16 kg. Þetta hefur

reynt á hönnun því að 100 kg í rallybíl er mikið. Búnaðurinn gefur 134 hestöfl auk bensínmotors sem gefur 380 hestöfl og stóra verkefnið í þessu öllu saman er kæling á þessum búnaði, en bílarnir eru með kæliviftur aftast í bilunum sem er afar vondur staður fyrir kælingu almennt.

Richard Millener, liðstjóri M-Sport hjá Ford verksmiðjunum sagði að hver bill væri verðmetinn á eina milljón evra, og þar af tvinnbúnaðurinn á um 150.000 evrur. Notað er eldsneyti sem inniheldur umhverfsvænni íblöndunarefni en áður hefur þekkt. Hafa verður



Fyrrum heimsmeistararnir Ott Tanak og Martin Jarveoja hafa átt erfitt uppdráttar eftir að þeir færðu sig frá Toyota yfir til Hyundai árið 2020.



Frakkarnir Adrien Fourmaux og Alexandre Coria flugu lengst á síðustu sérleið keppninnar um hina frægu Fafe.

[www.detailsetrid.is](http://www.detailsetrid.is)

Allt í bílabrifin  
á einum stað

Allar helstu vörur frá vörumerkinu GYEON

Upplýsingar og ráðgjöf veitir  
Andri í síma 787-7888  
eða [andri@detailsetrid.is](mailto:andri@detailsetrid.is)

  
**DETAIL SETRID**  
WWW.DETAILSETRID.IS - 787 7888

í huga að heimsmeistarakeppni verksmiðjuliða telur einungis tólf bíla, fimm frá Ford, þrjú frá Hyundai og fjóra frá Toyota. Virkni búnaðarins í bílunum er ekki alveg sá sami, Ford setur rofa í bensín-gjöfina og hin liðin völdu aðrar leiðir og þar hefðu sumir ökumenn lent í vandræðum með að hemja aflið við aðstæður sem ekki þurfti svo mikið afl. Einnig þurfa menn að læra vel inn á bílinn upp á nýtt út frá meiri þyngd bílsins.

Um 100 áhafnir voru skráðar til leiks en einungis 53 luku keppni. Krókóttir vegir og blindhæðir eiga sinn þátt í því. Ein frægasta sérleið heims liggur í miklum „vindmylluskógi“ ofan við bæjinn Fafe og þar var t.d. ekið tvisvar sinnum síðasta keppnisdaginn. Því má segja að bílarnir sem þutu um þessa vegi, hafi fengið rafmagnnið akkúrat þarna. Heimamenn eiga ekki ökumenn sem eru með fastan samning hjá verksmiðjuliðum og sást það fljótt að þeir héldu með Spánverjanum Dani Sordo sem hafi verið kallaður til og tekið sæti

Olivers Solberg hjá verksmiðjuliði Hyundai. Dani stoð sig vel og náði þriðja sæti á síðustu leið eftir mikla baráttu.

Baráttan var mikil alla keppnina, margir sem náðu forustu um stutta stund en línur fóru að skýrast er leið á keppni. Ljóst var samt að Toyota er með fljótasta bílinn um þessar mundir og um tíma voru allri þrjú bílarnir í fyrstu þremur sætum.

Ungur ökumaður að nafni Kalle Rovanpera sýndi það og sannaði að hann er kominn hópur þeirra bestu. Pabbi hans var einn af fljótustu ökumönnum Finnlands fyrir nokkrum árum síðan og lét drenginn þá 8 ára gamlan aka litlum rallybíl um búgarð fjölskyldunnar og ekki var aftur snúið. Kalle er afar rólegur, kurteis og brosandí í öllum viðtölum og sést langar leiðir að hér er gott efni í heimsmeistarara sem vann sína þriðju keppni í röð, eina í snjó, eina á malbiki og svo þessa á mól. Annar í keppninni varð Walesverjinn Elvin Evans. ■





Shell  
**HELIX**  
Motor oils

# Mikil afköst, lítil losun

**Shell Helix Ultra** er hönnuð fyrir hámarks vélarafköst.

Orkunýtin framleiðsla, sjálfbærar umbúðir og kolefnisjöfnun gera Shell Helix Ultra **kolefnishlutlaus\***

Fæst hjá helstu smurstöðvum og á stöðvum Orkunnar.

\*Miðað við minni kolefnisútblastur sem verður í kjölfar sparnaðar á hvern líter eldsneytis sem ekki er brennt í mótornum. Meiri eldsneytissparnaður er byggður á ACEA M111 rannsókn í samanburði við sambærilegar olíur annarra framleiðenda á markaðinum. Losun koltvísýrings af umhverfingrás þessara véra hefur verið jöfnuð með náttúrulegum kolefnismótvægisaðgerðum af hálfu Shell.



Skoðaðu úrval  
kolefnishlutlausra  
olía í vefverslun  
Skeljungs

Skeljungur, traustur félagi



Skeljungur





Það er verulegt útlitið á SsangYong Torres en einnig er von á pallbil sem byggir á sama grunni.

## Nýr rafjeppi SsangYong mun heita Torres

njall@frettabladid.is

SsangYong bílamerkið er ekki dauðt úr öllum æðum og heldur áfram að kynna bíla framtíðarinnar þrátt fyrir skrykkjótt gengi merkisins í söluférlu frá eiganda sínum Mahindra.

Tilkynnt var um nafnið á J100 tilraunabilnum á dögunum en hann fær nafnið Torres eftir Torres del Paine þjóðgarðinum í Patagóníu. Með tilkynningunni komu nokkrar tölvumyndir af bílnum sem sýna groddalegt jeppaútlit ólíkt öðru frá merkinu. Grillið er með lóðréttum línunum og að aftan er gert ráð fyrir varadekki á afturhléra.

**Fyrir Evrópumarkað mun bíllinn aðeins koma rafdrifinn og þá líklega ekki fyrr en í lok næsta árs.**

Að sögn SsangYong mun framleiðsla á bílnum hefjast í þessum mánuði fyrir markaðinn í Suður-Kóreu. Fyrir Evrópumarkað mun bíllinn aðeins koma rafdrifinn og þá líklega ekki fyrr en í lok næsta árs. Mun hann keppa við bíla eins og Skoda Enyaq en með lægri verðmiða.

Ekkert verð hefur verið gefið út fyrir bíllinn en hann mun verða mitt á milli Korando og Rexton að stærð. Að sögn SsangYong er einnig von á pallbil sem byggður verður á Torres. ■



Útlit nýs rafdrifins Ineos verður í grófari kantinum líkt og á Grenadier.

## Ineos með rafjeppa á þróunum

njall@frettabladid.is

Ineos bílaframleiðandinn hefur staðfest að næsti bíll merkisins verði rafdrifinn jeppi sem er minni en Grenadier jeppinn. Mun hann koma á nýjum undirvagni og líklega nota tækni frá BMW eða Hyundai en Ineos hefur sótt tækni til þessara tveggja fyrirtækja.

Að sögn talsmanna Ineos mun bíllinn bjóða uppá torfæru-eiginleika og grófara útlit eins og í Grenadier og verður bíllinn byggður í sömu verksmiðju og hann í Hambach í Frakklandi. ■

## Nýtt mótorhjólaumboð fyrir AJP torfæruhjólin

njall@frettabladid.is

Svartberg ehf. var nýlega stofnað af hjónunum Arnari Þór Hafsteinsyni og Elísabeth Granneman, og er umboðs- og þjónustuaðili AJP Motorcycles á Íslandi. AJP Motorcycles er portúgalskt fjölskyldufyrirtæki sem hefur framleitt torfærumótorhjól í 35 ár, eða síðan 1987.

Umfang starfseminnar eykst ár frá ári en hjólin eru nú fánleg

**AJP Motorcycles hafa framleitt torfærumótorhjól í 35 ár.**

víða um heim. Hjólin eru handsmíðuð og eru þau öll með grind sem samanstendur af stáli og áli og með sterkan sjálfberandi bensín-tank undir sæti. Hér er um að ræða vönduð evrópsk mótorhjól sem eru góð viðbót í þá fjölbreyttu mótorhjólafloðu sem fyrir er hérlandis. ■



AJP er með ferðahjólíð PR7 650 Adventure sem nýlega lenti í 1. sæti í M5 flokknum í Hellas Rallinu.



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**  
á þinni leið

Vesturhraun 5 210. Garðabær



# Hvannarrótin bjargaði næturbrotinu

Svefntruflanir af völdum næturbrots höfðu fylgt Halldóri Kjartanssyni í nokkur ár þegar hann prófaði að taka inn Hvannarrót frá ICEHERBS. Í dag segist hann ekki sleppa skammti.

Haldór byrjaði að finna fyrir tíðari þvaglátum fyrir um þremur árum síðan og hafði næturbrotið neikvæð áhrif á gæði nætursvefnisins. „Mín rútína er þannig að ég fer oftast að sofa á milli tólf og eitt. Síðustu ár hef ég vaknað klukkan fjögur eða fimm hverja nótt til þess að pissa. Ég starfa sem framkvæmdastjóri hjá fyrirtæki með náttúrulegar snyrtivörur. Þegar ég vakna svona á nóttunni fer hugurinn af stað fyrir næsta dag. Þá getur verið erfitt að sofna aftur og oftast var ég að dorma til sjö. Ég var því ekki að ná nema um 4-5 tíma samfelldum svefni alla jafna,“ segir Haldór.

Fyrir vikið varð Haldór virkilega þreyttur þegar líða fór á daginn. „Ég stunda útivist og hreyfingu, geng á fjöll og fer í golf. Svo fer ég í hot yoga í ræktinni. Ef nætursvefninn er ekki í lagi þá nennir maður ekki í hot yoga eftir vinnudaginn. Maður dettur miklu frekar í óhollustu og kaffidrykkju og sofna svo yfir kvöldfréttunum.“

## Fann mun eftir nokkra daga

„Ég hef ekki farið til læknis enda hef ég lesið að þetta tengist aldrinum. Menn fá oft tíðari þvaglát upp úr fimmtugu. En ég hafði prófað ýmis erlend bætiefni sem áttu að hjálpa til við þetta vandamál. Mér fannst ekkert virka nógu mikið. Meðal

annars keypti ég rándýra stóra dollu af einhverju sem hafði engin áhrif á mig. Ég hafði líka prófað að minnka vökvainntöku seinnipart dags, en það varð bara til þess að ég varð mun þyrstari en ella seinna um kvöldið. Ég var heldur ekkert spenntur fyrir því að geta aldrei fengið mér vatn eða stöku björglas á kvöldin.

Svo las ég viðtal við einhvern sem hafði tekið inn hvannarrótina frá ICEHERBS og mælti með henni fyrir þetta vandamál. Ég ákvað að slá til fyrir um hálfu ári síðan og prófa. Það tók bara nokkra daga og ég fann því líkan mun á mér. Í stað þess að vakna upp úr fjögur þá sef ég nú samfleytt til sjö á hverri nóttu. Það munar því gríðarlega að sofa sjö tíma á nóttu í stað fjögurra. Það er gott að vakna úthvöldur á morgnana og það er líka gott fyrir dagvinnuna og geðheilsuna.“

## Tekur þrjár á dag

„Ég tek tvær töflur af hvannarrót á kvöldin fyrir svefninn og eina í hádegini. Ég tek því alls þrjár yfir daginn. Þetta fækkar klósettferðunum yfir daginn og ég sef samfleytt alla nóttina, þökk sé



Haldór Kjartansson segir það hafa bjargað nætursvefninum að þurfa ekki lengur að vakna á nóttunni til að fara á klósettið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

hvannarrótinni. Ég hef ekki breytt neinu öðru í minni rútínu. Ég drekk ennþá fjóra kaffibolla á dag og þann seinasta strax eftir kvöldmat. Ég er bara sáttur við að þetta virki fyrir mig á mínum forsendum. Einnig finnst mér það skipta máli að þetta sé náttúruleg framleiðsla. Ég hef tröllatrú á náttúrulegum vörum og ég er sáttur við að taka þetta inn því ég veit að það eru engin skaðleg efni í þessu. Svo er það mikill plús að þetta sé íslensk framleiðsla. Að versla íslenskt styrkir efnahaginn og atvinnulífið í landinu.“

## Fer Esjuna eins og ekkert sé

Góður nætursvefn og að taka réttu vítamínin segir Haldór að séu

hluti af því að hugsa vel um sjálfan sig. „Í dag er ég hraustur. Ég fer Esjuna og 2-3 sinnum í ræktina í viku hverri. Ég held að margir vanmeti hversu mikið góður nætursvefn hefur að segja þegar kemur að heilsunni. Ég veit það í dag hvað hann er dýrmætur fyrir mig því hann gerir mér kleift að stunda þá hreyfingu sem ég vil. Í dag er ég sáttur og sæll með lífið og hlakka til sumarsins.“

## Hvannarrótin frá ICEHERBS

Hvannarrót er úr íslenskrum ætihvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Ætihvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rötin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri

örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtaþeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætihvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfu til forna, en hún vex aðallega á norðlægum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rötin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum ofvirkrar þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætihvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennir hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætihvönnin sé einkar virk og öflug jurtt. ■

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverzlunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. Sjá nánar á iceherbs.is.

# Kjúklingur á sumarkvöldi



Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is

Tveir skemmtilegir kjúklingaréttir sem henta vel í góðu veðri og jafnvel þegar hægt er að borða utandyra. Það er einfalt að gera réttina og þeir henta öllum aldri.

Það er svo ótrúlega margt hægt að gera við kjúkling. Hann er til dæmis mjög góður í létt salat. Síðan er líka alltaf gott að grilla hann.

## Bragðgóður kjúklingur og mangó smoothies fyrir fjóra

Mangó getur gert mikið fyrir grillaðan kjúkling til dæmis í formi smoothies sem er borð fram með þessum rétti. Auk þess er ferskt salat og grillaður mais sem ekki svikur.

- 2 bollar og 2 msk. hrein jógúrt
- 2 bollar frosnir mangóbitar
- 3 msk. hunang
- ¼ bolli auk 1 msk. apple cider edik
- ¼ bolli rúsinur
- 2 msk. ólífuolía og aðeins meira til að pensla með
- ¼ tsk. cayenne pipar
- 5 sólburrkaðir tómatar, ekki í olíu
- 2 hvítlauksrif, smátt skorin
- 4 maísstönglar
- 8 kjúklingalæri, beinlaus (má hafa á beini ef fólk vill)
- Salt
- 1 poki blandað salat
- 2 meðalstórar gulrætur, skornar í þunnar sneiðar



Grillaður kjúklingur og mais fara einstaklega vel saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Taco salatið er hægt að gera á margvíslegan hátt og bæta ýmsu út í sem maður óskar. Til dæmis ólífum.

Til að gera smoothies er tveimur bollum af jógúrt, einum bolla af frosnu mangói, tveimur bollum af ísmolum auk hunangs skellt í blandara og hrært þar til úr verður góð blanda. Setjið í fjögur glös og geymið í ísskáp þangað til maturinn er tilbúinn.

Hitið grillið í meðalhita. Blandið saman einum bolla af mangói, ¼ bolla af vatni, ¼ bolla af ediki, rúsinum, ólífuolíu, cayenne pipar, tómötum og hvítlauk í skál sem þolir að fara í örbylgju. Breiðið plastfilmu yfir og eldið í örbylgjuofninum í um það bil 3 mínútur. Látið kólna aðeins og maukið í matvinnsluvél. Setjið 2 msk. í eina skál sem verður salatdressing og

## Best er að nota kjóthitamæli þegar kjúklingur er grillaður. Þegar hann sýnir 70°C er kjúklingurinn tilbúinn.

restina í aðra sem verður mariner- ing fyrir kjúklinginn.

Setjið maísstönglana á grillið. Snúið þeim reglulega og grillið í að minnsta kosti 10 mínútur eða þangað til þeir eru orðnir mjúkir og komnir með grillrendur.

Penslið grillgrindina með olíu. Penslið kjúklinginn með mariner- ingunni og saltið. Setjið kjúklingalærin á grillið og eldið í 10-12 mínútur miðað við beinlaust kjöt og stærð. Best er að hafa kjóthitamæli en hann á að sýna um 70°C og þá er kjúklingurinn tilbúinn.

Á meðan kjúklingurinn er á grillinu, blandið saman sósu með salatinu. Það er 2 msk. jógúrt, 2 msk. afgangs mariner- ing, 1 msk. edik, 1 msk. vatn, ¼ tsk. salt. Blandið öllu saman. Setjið salatið á disk, gulrætur út í og sósuna yfir.

Kjúklingurinn er borinn fram með salatinu, maísstönglunum sem gott er að hafa smjör og salt með og mangó smoothie drykk.

## Kjúklinga taco salat fyrir fjóra

Æðislegt sumarsalat sem hentar vel á sumarkvöldum.

- 2 kjúklingabringur
- 2 msk. taco krydd
- ¼ bolli grænmetisolía
- 2 msk. smjör

Dreifið kryddinu vel yfir bringurnar. Hitið olíu og smjör á pönnu og steikið þær við meðalhita í um það bil 4 mínútur á hvorri hlið. Þær þurfa að ná 70°C kjarnhita. Takið af hellunni og geymið. Einnig má grilla kjúklinginn á útigrilli ef einhver vill það frekar.

## Dressing

- ¾ tilbúin ranch sósa (fæst í búðum)
- ¼ bolli salsa (styrkleiki eftir smekk)
- 3 msk. fint skorið kóriander

Hrærið allt vel saman.

## Salat

- 2 maískólfar
- Salat eftir smekk, til dæmis blandað
- 3 tómatar, skornir í bita
- ½ bolli rifinn mexíkó-ostur
- 2 lárperur
- 3 vorlaukar, skornir niður
- ½ bolli ferskt kóriander
- Tortilla-flögur, það má velja þær eftir smekk

Setjið maísstönglana á sömu pönnu og kjúklingurinn var steiktur á og veltið þeim upp úr olíusmjörinu sem eftir varð. Leyfið maísnum síðan að velta um á heitri grillpönnu þar til hann er mjúkur en samt stökkur. Notið síðan skarpan hníf til að losa maískornin frá stönglingum.

Skerið kjúklinginn í bita. Leggið blandað salat á fat, síðan kjúklingabita, tómata, ost, mais, lárperu, vorlauk, kóriander og tortilla nasl. Dreifið sósunni yfir. ■



## Bílar & Farartæki

### Bílar óskast

#### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Þjónusta

### Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 790 9021 og 698 1215

### Málarar

#### MÁLNINGARVINNA.

Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar máleri s: 832-6017.

#### MÁLARAR.

Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningsvinnu. Sanngjart verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald



S. 763 8199

Getum bætt við okkur smíðaverkefnum. Verktakardag.is.

### Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

### Til sölu

#### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassaritarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Notað United TV 20" flatskjár FRÍTT. Tala einungis ensku. Uppl. síma: 776 3667, Tómas.

## Heilsuvörur



## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

Til leigu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS

gjofsemgefur.is  
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar



## SNORRI TRAVEL / ÆVINTÝRI ehf.

### Til sölu að hluta eða allt saman

- Verkstæði Völuteig 6, Mosfellsbæ.
  - Gott útisvæði.
- 4 rútur í góðu ástandi.
- Engin veðbönd.

www.snorritravel.is



## Umhverfismat framkvæmda

Matsáætlun í kynningu

### Stækkun Sigöldustöðvar um allt að 65 MW, Ásahreppi og Rangárþingi ytra

Landsvirkjun hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats stækkunar Sigöldustöðvar um allt að 65 MW.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun og á skrifstofu Rangárþings ytra á Hellu. Einnig er hún aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

Umsagnarrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 7. júlí til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

VERSLUNARTÆKNI [www.verslun.is](http://www.verslun.is)

geiri [www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)

VESTFROST HOUSEHOLD

### Kæli & frystitæki

www.verslun.is

OPÍÐ 24/7

**Kælar**

SD 420E H:1980 B:578 D:605 - 338L - Kæling 4/-21°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 430 H:1993 B:577 D:576 - 360L - Kæling 0/+10°C - 5 hillur - Læsing - LED

SD 417 H:1980 B:606 D:575 - 338L - Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

SD 1001 og SD 801 H:2020 B:1000/1130 D:70/22 Kæling +2/+10°C - 8 hillur - Læsing

**2 stærðir**  
800 ltr og 1000 ltr  
SD 801 - 800 ltr B.1000 mm  
SD 1001 - 1000 ltr B.1130 mm

**Kælar**

SD 155 Stærð (hxbxd) 922x564x695mm Kæling -12/-24°C

**Frystar**

XS 802 Stærð (HxBxD) 858x2000x757 mm 700/510ltr Kæling -12/-24°C

XS 602 Stærð (HxBxD) 840x1457x757mm Kæling -12/-24°C

SC 311 St. (hxbxd) 865x1350 x520mm Kæling +2/+10°C

SC 141 St. (hxbxd) 865 x 555 x 520 mm Kæling +2/+10°C

SC 211 St. (hxbxd) 865 x 865 x 520mm Kæling +2/+10°C

SD 305 Stærð (hxbxd) 905x950x695mm Kæling -12/-22°C

VERSLUNARTÆKNI [www.verslun.is](http://www.verslun.is)

geiri

STÓRELDHÚS

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)

5721 #



## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

### Nýr Landspítali við Hringbraut

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. maí 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 25. maí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Breytt deiliskipulag nær í meginatriðum til Sóleyjartorgs, aðkomu að bílgeymsluhúsi, stækkunar og færslu bílastæða. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Kjalarnes, Esjumelar-Varmadalur

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. maí 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 25. maí 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Esjumela á Kjalarnesi vegna Kalksléttu 1 og Koparsléttu 22. Breytingin felst í skilgreiningu staðfangs hinnar sameinuðu lóðar. Í stað þess að hún beri nafnið Koparslétta 22 er lagt til að hún beri nafnið Kalkslétta 1 og munu skilmálar Kalksléttu 1 gilda fyrir hina sameinuðu lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **8. júní 2022 til og með 21. júlí 2022**. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 21. júlí 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 8. júní 2022  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)



# Vatnsréttindi vegna Hvammsvirkjunar



**Ragnhildur Sverrisdóttir**  
upplýsingafull-  
trúi Landsvirkj-  
unar

Samkomulag Landsvirkjunar og ríkisins frá 2007 gerir ráð fyrir að gengið verði til endanlegra samninga um vatns- og landsréttindi við Þjórsá eigi síðar en við útgáfu virkjanaleyfis Hvammsvirkjunar. Hins vegar hefur verið starfað eftir efni samkomulagsins allt frá 2007. Kristín Ása Guðmundsdóttir rit-

aði grein í Fréttablaðið sl. miðvikudag þar sem hún lýsti efasemdum sínum um að Landsvirkjun hefði verið í fullum rétti þegar samið var við landeigendur við Þjórsá. Í umræddri grein er gefið til kynna að Landsvirkjun hafi þvingað landeigendur til samninga sem á ekki við rök að styðjast.

Um var að ræða frjálsa samninga á milli landeigenda og Landsvirkjunar þar sem stuðst var við markaðsverð og fyrirbyggjandi fordæmi um endurgjald fyrir þau réttindi sem um ræðir. Samningar hafa náðst við meirihluta landeigenda enda mikill vilji fyrir því að semja við Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í slíkum



**Samningar hafa náðst við meirihluta landeigenda enda mikill vilji fyrir því að semja við Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.**

samningum var ávallt horft til sjónarmiða landeigenda og reynt að koma til móts við slík sjónarmið eftir fremsta megni til þess að draga úr áhrifum af fyrirhuguðum virkjunum.

Samkomulag ríkisins og Landsvirkjunar var undirritað í maí 2007. Í desember sama ár komu fram athugasemdir ríkisendurskoðanda, um hvort samkomulagið hefði þurft staðfestingu Alþingis og hvort það væri bindandi fyrir ríkissjóð á meðan ekki lægi fyrir sérstök lagaheimild. Með breytingarlögum nr. 58/2008 á vatnalögum nr. 15/1923 var bætt við vatnalög ráðstöfunarheimild til opinberra aðila.

Landsvirkjun og ríkið hafa frá árinu 2007 unnið eftir efni samkomulagsins. Í því kemur einnig fram að gengið skuli til endanlegra samninga um vatns- og landsréttindin eigi síðar en við útgáfu virkjanaleyfis. Í því felst ekki að aðgerðir

fram að útgáfu virkjanaleyfis séu ólögmetar.

Í skriflegu svari Landsvirkjunar til Skeiða- og Gnúpverjahrepps mánudaginn 23. maí sl. var leitast við að svara m.a. fyrirspurn um þessa samninga og fleiri spurningum sem fram höfðu komið á opnum íbúafundi. Þau svör og frekari upplýsingar um Hvammsvirkjun er að finna á [landsvirkjun.is/hvammsvirkjun](http://landsvirkjun.is/hvammsvirkjun).

Þá er rétt að taka fram að Hvammsvirkjun er í nýtingarflokki rammaáætlunar. Þótt virkjanakostir í nýtingarflokki fái mismörg stig þá er ekki gerð krafa um að sú stigagjöf ráði því í hvaða röð ráðist er í framkvæmdir. ■

# Hvar eru iðnaðarmennirnir?



**Sigurður Páll Jónsson**  
varaþingmaður  
Miðflokksins

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af stöðu iðngreina á Íslandi. Það er svo sem ekkert nýtt en stjórnvöld virðast því miður fljóta sofandi að feigðarósi. Það vantar iðnaðarmenntað fólk til allra starfa, um allt land. Hlutfallslega vantar flest

starfsfólk í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð hér á landi. Allir nema stjórnvöld virðast hafa áttað sig á því. Formaður Samiðnar, sambands iðnfélaga, segir þörf á átaki í menntakerfinu svo fleiri geti menntað sig í iðngreinum. Gaman sögur eru sagðar af mönnum sem telja fljótlega að mennta sig í iðngrein en að bíða eftir iðnaðarmanninum!

Að meðaltali hefur vantað í um 1.000 störf í byggingariðnaði frá árinu 2019, já í 1.000 störf. Greinin skilur sig frá annarri starfsemi að því leyti að litlar breytingar hafa þarna orðið á og alltaf hefur vantað



**700 nemar komast ekki í iðnnám þegar iðnaðarmenn vantar um allt land!**

töluverðan fjölda byggingariðnaðarmanna til starfa allt tímabilið. Þetta hefur eðlilega mikil áhrif á íbúðamarkaðinn um allt land en sérstaklega vantar húsnæði á höfuð-

borgarsvæðinu. Við þekkjum afleiðingarnar en því miður virðist ríkisstjórnin ekki sjá sambengið.

Starfshópur á vegum forsætisráðherra lagði á dögunum til að til að mæta eftirspurn yrði að byggja um 3.000–4.000 íbúðir á ári næstu tíu árin. En veit ríkisstjórnin ekki hvar skóinn kreppir? Formaður Samiðnar, segir það skjóta skökku við að biðlistar séu í námi í iðngreinum þegar bráðvanti menntaða iðnaðarmenn til starfa. Á síðasta ári voru u.þ.b. 700 nemar sem komust ekki inn í iðnskóla. Oft eru það menn sem eru hálfnaðir að læra en fá ekki inni í skólunum. Þetta er auðvitað

óþolandi aðstaða. Eins og fyrri daginn er stöðugt verið að tala um að efla iðn- og starfsnám en lítið gerist.

Á síðasta kjörtímabili talaði menntamálaráðherra sí og æ um að mikil sókn í móttöku iðn- og tækninema væri í gangi í ráðuneytinu. Samt er niðurstaðan þessi: 700 nemar komast ekki í iðnnám þegar iðnaðarmenn vantar um allt land! Það er ekki vænlegt til árangurs þegar aðgerðapakkar ráðherra og ríkisstjórnar eru ekkert nema umbúðir, skreyttar með fallegum pappír en engu innihaldi. Aftur og aftur eru kjösendur leiddir í sömu Framsóknargildruna. ■



# SÁÁ býður í Fjölskyldugarðinn

## 8. júní kl. 17-20

Fyrir fjölskylduna



- Frítt í garðinn fyrir félagsmenn
- 1.250 krónur í öll tæki
- 200 fyrstu gestirnir fá flotta gjöf
- Töframaðurinn Einar Aron skemmtir
- Pylsur og gos fyrir svanga

**Hlökkum til að sjá ykkur**







✚  
Okkar ástkæra  
**Hafsteina Helga Magliolo**  
lést á heimili sínu í Flórída 2. júní sl.  
Aðstandendur.



✚  
Ástkær eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Svavar Jónsson**  
Sjávargrund 10b, Garðabæ,  
lést á Landspítalanum 20. maí. Útförin  
hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins  
látna. Sérstakar þakkir til þeirra sem sýndu  
okkur hlýju og kærleik við andlát hans og aðdraganda  
þess. Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 5b á  
Landspítalanum fyrir hlýhug og umönnun.

Þrúður Guðnadóttir  
Ósk Svavarsdóttir Daði Daðason  
Svavar Daðason  
Sara Daðadóttir Bjarnar H. Magnússon  
Sylvía Daðadóttir  
og barnabarnabörn.



✚  
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Klara Jenný Arnbjörnsdóttir**  
Dvalarheimilinu  
Hornbrekku Ólafsfirði,  
lést 5. júní. Jarðarförin fer fram  
föstudaginn 10. júní kl. 15.00.  
Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast  
hennar er bent á Minningarsjóð Hornbrekku.  
Við viljum færa starfsfólki Hornbrekku innilegar þakkir.  
Athöfninni verður streymt á: <https://youtu.be/qldStnVP0lk>

Addi og Soffía, börn og barnabörn.  
Dagur og María, börn og barnabörn.  
Fylkir og Mattý og börn.



✚  
Elskulegur eiginmaður minn, faðir  
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Stefán Magnús Jónsson**  
málarameistari,  
Bugoutanga 20, Mosfellsbæ,  
lést á heimili sínu 27. maí.  
Jarðað verður í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðbjörg Þórðardóttir  
Anna Þóra Stefánsdóttir Lárus Halldórsson  
Guðbjörg Stefánsdóttir  
Halldór Lárusson Sigurbjörg Ólafsdóttir  
Magnús Lárusson Harpa Ómarsdóttir  
Andri Þór Sigurðarson  
og langafabörn.



✚  
Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Guðmar Marelsson**  
fyrirverandi sölustjóri,  
Melabraut 38, Seltjarnarnesi,  
lést fimmtudaginn 26. maí á heimili sínu  
í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram í  
kyrrþey að ósk hins látna.

Pálína Ingibjörg Jónmundsdóttir  
Jónmundur Guðmarsson Sigríður Ólafsson  
Halldóra Guðmarsdóttir Ari Danielsson  
Pétur Kristinn Guðmarsson Katrín Dögg Hilmarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



✚  
Móðir okkar, tengdamamma og amma,  
**Guðriður Sigurlaug  
Jónsdóttir**  
sérkennari,  
Garðabæ,  
lést þriðjudaginn 26. apríl í  
Skógarbæ. Jarðarförin fer fram  
miðvikudaginn 8. júní klukkan 13  
frá kapellunni Fossvogi.

Börn, tengdabörn og barnabörn.

## Einstakt sjónarhorn á augnsjúkdóma og blindu

Heimsping alþjóðlegu sjúklinga-  
samtakanna Retina International  
og Norræna augnlæknaþingið  
deila Hörpu sem ráðstefnustað  
um helgina. Hugmyndina og  
frumkvæðið að því á Kristinn  
Halldór Einarsson, framkvæmda-  
stjóri Blindrafélagsins.

benediktboas@frettabladid.is

Um helgina verða Heimsping alþjóðlegu  
sjúklingasamtakanna Retina Internatio-  
nal og Norræna augnlæknaþingið með  
ráðstefnur í Hörpu. Kristinn Halldór  
Einarsson, framkvæmdastjóri Blindra-  
félagsins, segir viðburðinn einstakan og  
að mikilvæg tækifæri geti skapast af því  
að leiða saman augnlækna, vísindamenn,  
sjúklinga og aðstandendur þeirra til að  
vinna sameiginlega að lausnum og þróun  
meðferða við sjónhimmusjúkdómum,  
sem orsaka sjónskerðingu eða blindu.

„Að þessar ráðstefnur séu haldnar á  
sama tíma býr í raun til einstakan við-  
burð“, segir Kristinn. Hann vonast ekki  
síst til að samtalið verði til þess að hægt  
verði að greina augnsjúkdóma á fyrri  
stigum.

Í sama streng tekur Gunnar Már Zoega  
augnlæknir sem hefur haft umsjón með  
skipulagningu Norræna augnlækna-  
þingsins hér á landi. „Það sem gerir þessa  
ráðstefnu einstaka er að þetta er í fyrsta  
skipti sem almenningur fær aðgang að  
hluta fyrirlestra sem er þáttur í að auka  
tengingu vísinda við samfélagið“, segir  
Gunnar.

Alls verða um 20 málstofur með um  
40 innlendum og erlendum vísinda-  
mönnum frá Norðurlöndunum, Evrópu  
og Bandaríkjunum. Þar verður fjallað  
um hvað það er sem veldur arfgengum



Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu  
og hvernig rannsóknum og tilraunum  
miðar við að finna við þeim meðferðir  
og lækningar.

Þá verður til umfjöllunar reynsla  
af fyrstu genameðferðinni sem hefur  
fengið markaðsleyfi í bæði Bandarík-  
junum og Evrópu. Um er að ræða með-  
ferð við stökkbreytingu á geninu RPE65  
sem orsakar arfgengan augnsjúkdóm  
sem veldur blindu. Íslenski fræðimaður-  
inn Ragnheiður Bragadóttir, prófessor  
í augnlækningum við Háskólasjúkra-  
húsið í Osló í Noregi og sérfræðingur í  
sjónhimmuskurðlækningum, er meðal  
þeirra fræðimanna sem eiga þátt í því að  
þessi meðferð er nú komin fram og er hún

meðal skipuleggjenda ráðstefnunnar og  
verður stödd hér á landi á meðan hún  
stendur yfir.

Á augnlæknaþinginu er mest fjallað  
um nýjungar í hefðbundnum augn-  
lækningum. Á Retina-ráðstefnunum er  
áhersla lögð á að fjalla um rannsóknir  
og tilraunir sem beinast að því að finna  
meðferðir við ólækandi hrörnunarsjúk-  
dómum og heilkennum í sjónhimnu og  
fjalla um hagsmuni þeirra sem eru með  
þessa sjúkdóma.

Það er þó ekki bara dagskrá fyrir  
fræðafolk og lækna því einnig verður sér-  
stök fyrirlesararöð sem ætluð er sjúkling-  
um og aðstandendum þeirra, svokölluð  
leikmannalína. ■



✚  
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,  
tengdamóðir og amma,  
**Elín Sigurðardóttir**  
Vættagili 23, Akureyri,  
lést 1. júní. Útför hennar mun fara  
fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Sverrir Brynjar Sverrisson  
Anna Rósa Finnsdóttir  
Arnar Már Sverrisson Anna Rósa Finnsdóttir  
Sigurður Baldvin Sverrisson Ragnhildur Kristjánsdóttir  
og ömmubörn.



✚  
Móðir okkar, tengdamóðir, amma,  
langamma og langalangamma,  
**Guðrún Guðjónsdóttir**  
Suðureyri Súgandafirði,  
lést mánudaginn 6. júní á  
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.  
Jarðsett verður frá Suðureyrarkirkju  
laugardaginn 11. júní kl. 11.30.

Ómar Þórðarson Friðgerður Björk Friðgeirsd.  
Trausti Aðalsteinn Egilsson Guðrún Vigdís Sverrisdóttir  
Edda Egilsdóttir Svanur Baldursson  
Kristín Ósk Egilsdóttir Ásta Dóra Egilsdóttir



✚  
Okkar ástkæri  
**Sveinn Ágúst Björnsson**  
sendiherra,  
lést á Landspítalanum  
í Fossvogi sunnudaginn 29. maí.  
Útförin fer fram frá Lágafellskirkju  
fimmtudaginn 9. júní klukkan 13.

Magnea Sigríður Sigurðardóttir  
Rakel Rós Ólafsdóttir  
Maurizio Tani  
Elisa Rós, Viktoría Rós, Alexander Máni og Sylvía Rós



✚  
Elsku hjartans hugrakki, yndislegi,  
hjálpsami og besti pabbi okkar, sonur,  
bróðir, tengdapabbi og mágur,  
**Gylfi Bergmann Heimisson**  
lést laugardaginn 4. júní.  
Útförin verður auglýst síðar.

Dóróthea Gylfadóttir Davíð Stefánsson  
Darri Bergmann Gylfason  
Dísella Gylfadóttir  
Tómas Jökull Bergmann Gylfason  
Heimir Bergmann Gíslason Svala Pyri Steingrímsdóttir  
Ólafur Björn Heimisson Júlíana Ósk Guðmundsd.  
Vigfús Birgisson  
Theodóra Björk Heimisdóttir Haukur Þorsteinsson  
Gísli Kristján Heimisson Beata Makilla  
og fjölskyldur.



✚  
Elsku maðurinn minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Ágúst Elbergsson**  
frá Grundarfirði,  
andaðist á dvalarheimilinu Sundabúð  
á Vopnafirði 28. maí 2022.  
Útför fer fram frá Vopnafjarðarkirkju,  
laugardaginn 11. júní 2022 kl. 14.  
Við elskum þig.

Árný Björk Kristinsdóttir.  
Ragnheiður Ágústsdóttir Pétur Már Finnsson  
Elfa Ágústsdóttir  
Kristinn Ágústsson Freyja Sif Wílium Bárðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða  
þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að  
senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 550 5055.





# JURASSIC WORLD

DOMINION

## KOMIN Í BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ  
BARA LÚXUS

ÁLFABAKKI  
SAMBÍÓN

SAMBÍÓN  
EGILSHÖLL

KRINGLAN  
SAMBÍÓN

SMÁRA BÍÓ

AKUREYRI  
SAMBÍÓN



# Með þér í sumar

Komið aftur  
en því miður  
hærra verð



Chicken stripes  
350 g

**998**  
kr./pk.

Ódýrustu  
bringurnar  
í Bónus



Frosnar danskar kjúklingabringur  
900 g

**1.498**  
kr./pk.



Pfanner íste melónu  
2 ltr

**259**  
kr./pk.

**259**  
kr./kg



Gulrætur í lausu  
Holland

Ný uppskera

**345**  
kr./kg



Hollenskir tómatar í lausu

# BÓNUS



## Ódýrara að krydda sjálfur

**1.598**

kr./kg



Frosið lambalæri í sneiðum



Frosið lambafillet

**3.998**

kr./kg



SPG krydd  
130 g



**598**

kr./pk.

**498**

kr./pk.



Pink lady epli  
4 stk  
pökkuð  
750 g

Ný uppskera  
frá Suður  
Afríku

**975**

kr./kg



Avocado í lausu

**398**

kr./pk.



Santa maría grillolíur  
400 ml  
Tvær tegundir

Ómissandi  
á lambið

**345**

kr./kg



Buff tómatar  
Holland

Ómissandi á  
hamborgarann



**998**

kr./pk.


Van egmond mold  
40 ltr

**1.998**

kr./kg

Íslandslamb  
lambagrillpakki

6 sneiðar  
í pk.





## Dagskrá

### Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og víkið að nýjustu rannsóknnum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Sir Arnar Gauti** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsameningu, arkitektúr og margt fleira.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

### RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.30 Útsvar 2011-2012** Seltjarnarnes - Skagafjörður.
- 14.35 Söngvaskáld** Björn Jörundur.
- 15.25 Sumarlandabrot 2021**
- 15.30 Í garðinum með Gurrý II** Gróðursetning í ker og garðyrkja.
- 16.00 Sögur frá landi**
- 16.30 Nýjasta tækni og vísindi**
- 17.00 Orlofshús** arkitekta
- 17.30 Orðbragð**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Tölukubbar**
- 18.06 Hróturinn Hreinn**
- 18.13 Lundaklettur**
- 18.20 Skotti og Fló**
- 18.27 Lestrarhúttí**
- 18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi**
- 18.45 Lag dagsins** Supersport! - Hring eftir hring
- 18.52 Vikinglöttó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.20 Íþróttir**
- 19.25 Veður**
- 19.35 Eldhúsdagsumræður á Alþingi** Bein útsending frá almennum stjórn málaumræðum sem fram fara á Alþingi ár hvert áður en þingstörfum er frestað. Þingmenn og ráðherrar allra flokka taka þátt.
- 21.45 Bækur og staðir**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Kobbi kvíðrista.** Endurupp-taka málsins Jack the Ripper - The Case Reopened
- 23.15 Aðstoðarmaðurinn** Film-worker
- 00.45 Dagskrárlok**

### Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 How We Roll**
- 15.25 Ræktum garðinn**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 No Activity (US)**
- 19.40 The Neighborhood**
- 20.10 George Clarke's Old House, New Home**
- 21.05 Chicago Med**
- 21.55 Wolfe**
- 22.40 Love Island Australia**
- 23.40 The Late Late Show**
- 00.25 Tell Me a Story** Klassísk ævintýri sett í nýjan búning. Skuggalegar sögur sem fjalla um ást, missir, græðgi, hefnd og morð.
- 01.10 The Rookie**
- 01.55 9-1-1**
- 02.40 NCIS. Hawaii** Bandarísk sakamála-sería sem fjallar um rannsóknarsveit bandaríska sjóhersins í Hawaii.
- 03.25 Tónlist**

### Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Shipwrecked**
- 10.05 MasterChef Junior**
- 10.45 Margra barna mæður**
- 11.20 Matargleði Evu**
- 11.45 Um land allt**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.45 Ísskápastríð**
- 13.20 Gulli byggir**
- 13.45 Framkoma**
- 14.15 Lóa Pind. Battlað í borginni**
- 15.15 Ireland's Got Talent**
- 16.45 Fósturbörn**
- 17.05 Last Week Tonight**
- 17.40 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkinn**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Æði**
- 19.25 Backyard Envy**
- 20.10 Grey's Anatomy**
- 20.55 The Teacher**
- 21.45 Gentleman Jack**
- 22.45 The Blacklist**
- 23.30 Girls5eva**
- 00.00 NCIS. New Orleans**
- 00.40 The Sinner**
- 01.25 The Mentalist**
- 02.05 Shipwrecked**
- 02.50 MasterChef Junior**
- 03.35 Last Week Tonight**

### Markaðurinn rýnir í gjörbreytta vinnustaðamenningu

Guðmundur Gunnarsson, fréttastjóri Markaðarins, mun rýna í vinnumarkaðinn í þætti kvöldsins á Hringbraut, en stórvægilegar breytingar eru að verða á honum sem rekja má til símenntunar, breyttar afstöðu fólks til ævistarfsins og áhrifa farsóttarinnar. Æ fleiri kjósa að starfa óháð vinnustað, í tíma-bundnum verkefnum og festa sig ekki á einum stað. ■



### Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

#### LÁRÉTT

- 1 glettni
- 5 geil
- 6 óttist
- 8 kvísl
- 10 tónn
- 11 blekking
- 12 virki
- 13 álit
- 15 geymir
- 17 tómhent

#### LÓDRÉTT

- 1 rannsaka
- 2 vegsama
- 3 stafur
- 4 tímabil
- 7 ódæði
- 9 dugnaður
- 12 neitun
- 14 umstang
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð.

### Sudoku

2	3		4		1		9	7
	7		9	8	2			
				5		4	2	
	2	6	1	3		9	8	
9			7				6	
	1	8						
3								
			8			7	4	
1			6	2	4	3		

	6		8			9	1	
		1	6				4	3
	5			2		6		
4		6						9
	9			4				
			9	3			5	
	4			5	7		8	
1								
2		5				1		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

### Pondus

Hvað á að hafa í kvöldmatinn?

Hvað á að hafa í kvöldmatinn?

Hvað á að hafa í kvöldmatinn?

Hvað á að hafa í kvöldmatinn?

Hvað á að hafa í kvöldmatinn?



SIR ARNAR GAUTI  
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

Lífsstílsfrömuðurinn Arnar Gauti er á dagskrá í kvöld í sinni fjórðu þáttaröð af þessum geysivinsæla lífsstílsþætti.

Í KVÖLD KL. 20.00



HRINGBRAUT



# Dansandi hljómsveitarstjóri sem söng af list

## TÓNLIST

**Sinfóníutónleikar**  
Verk eftir Berg, Schönberg,  
Ives og Gershwin  
Stjórnandi og einsöngvari:  
Barbara Hannigan  
Eldborg í Hörpu  
laugardagur 4. júní

Jónas Sen

Ég sá einu sinni brandara á netinu um tónskáldið Alban Berg. Mynd var af honum og undir stóð Berg. Hægra megin var sama myndin aftur, en varalit og augnskugga hafði verið bætt við. Undir stóð Schön Berg, það er fagri Berg. Þetta var orðaleikur, Arnold Schönberg var alveg sjálfstætt tónskáld og þeir Berg voru vinir.

Schönberg var svo sannarlega fagur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á laugardaginn. Flutt var Verklärte Nacht, eða Uppljómuð nótt, eftir hann. Tónlistin er innblásin af ljóði eftir Richard Dehmel. Hún fjallar um umbreytingarmátt ástarinnar í samtali tveggja elskenda á göngu úti í skógi undir stjörnuþjörtum himni.

### Framvinda kom á óvart

Schönberg er þekktur fyrir hið svokallaða tólf-tónakerfi, sérstaka tón-

”

Túlkunin var draumkennd og skáldleg, það var einhver upphafin stemning yfir öllu saman.

smíðaðaferð sem getur af sér mjög ómstríða tónlist. Tónlistin hér var þó sköpuð áður en Schönberg missti sig út í framúrsteftunna. Hún er í mjúkum síðrómantískum stíl í takt við ljóðið. Verkið er samt býsna flókið, úrvinnsla tónhugmyndanna er hugmyndaþrik og framvindan kemur stöðugt á óvart. Þéttofinn hljómsveitarvefurinn myndar fjölbreytt blæbrigði og það er í þeim stígandi; hvergi er dauður punktur í tónmálinu.

Barbara Hannigan stjórnaði hljómsveitinni og gerði það ákaflega vel. Túlkunin var draumkennd og skáldleg, það var einhver upphafin stemning yfir öllu saman. Tæknilega séð var hljómsveitarleikurinn nákvæmur og einbeittur, allt var á sínum stað hjá mismunandi hljóðfærahópum. Útkoman var sjaldheyrður unaður.



Hannigan söng og stjórnaði og dansaði og gerði það allt af list.

MYND/ADSEND

### Eins og vísindaskáldskapur

Alban Berg átti líka tónsmíð á efnisráðunni, en það var svíta í fimm þáttum úr óperunni Lulu. Að þessu sinni var tólf-tónakerfið allsráðandi, en samt var tónlistin ekki leiðinleg. Kerfið er vissulega vísindalegt og þurrt, en Berg gaf sér ákveðið listrænt frelsi. Tónlist hans er því aldrei einhver dauð formúla úr vísindalegri rannsókn, heldur meira í ætt við vísindaskáldskap þar sem allt getur gerst.

Aftur var túlkun Hannigan einstaklega sannfærandi. Og ekki bara hljómsveitarstjórnin. Hún er nefnilega líka sópransöngkona í fremstu röð og söngur hennar var hástemmdur og forkunnarfagur. Þegar hún hóf upp raust sína sneri

hún sér við til áheyrenda og stjórnaði með hálfgerðum dansi sem afar gaman var að horfa á.

### Annarlegir en dillandi

Tvö önnur verk voru á dagskránni. Annað var hið dularfulla The Unanswered Question eftir Charles Ives, sem var ákaflega fallega leikið af hljómsveitinni. Hljómur blásturshljóðfæra var seiðandi, og lágstemmdur þytur undir var sérlega fallegur.

Hitt verkið var Girl Crazy eftir George Gershwin, svíta útsett af Hannigan og Bill Elliott í stíl Albans Berg. Enda var það flutt strax á eftir tónsmíð þess síðastnefnda. Hljómur hljómsveitarinnar voru annarlegir en laglinurnar dillandi; síðasta

lagið var hið fræga I Got Rythm.

Hannigan söng og stjórnaði og dansaði og gerði það allt af yfirburðum. Söngurinn var fullur af krafti og ástríðu, en samt var röddin tær og fullkomlega mótuð. Hljómsveitin spilaði af gríðarlegu fjöri, en líka með rétta aganum þar sem styrkleikajafnvægi og samspil var eins og best var á kosíð. Það var líka smart þegar hljómsveitin söng á einum tímamarki. Lokahnykkurinn var svo yfiringilegur að áheyrendur spruttu á fætur og öskruðu, undirritaður þar á meðal. ■

**NIÐURSTAÐA:** Sérdeilis skemmtilegir tónleikar með flottri tónlist, hrífandi hljómsveitarstjórn og söng, og frábærum hljóðfæraleik.

# SÖLUSÝNING

## BORGAHELLA 21 - HAFNARFIRÐI

ATVINNU- OG FRÍSTUNÐARÝMI MEÐ MIKLA MÖGULEIKA

Í dag 8. júní 2022 kl. 12:00-13:00



Mundu Gullkort Domusnova. Afsláttur hjá fjölda fyrirtækja við kaup á eign.



34,6 m<sup>2</sup> bil, verð:

15-15.900.000 kr.

Skannaðu QR kóðann og skoðu Borgahellurýmin betur



Sölu menn á staðnum



Óskar  
615 8200



Oscar  
861 8466



Snorri  
699 4707

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN  
**DOMUSNOVA**  
Fasteignasala

SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS



Brimbrettafélagarnir sem kenna sig við Bumble Bee voru á góðri siglingu þegar hönnuðinn Petru Bender rak á fjörur þeirra og í kjölfarið litu sérhönnuð bretti og sundföt í stíl dagsins ljós.

sif@frettabladid.is

Hönnuðurinn Petra Bender deilir brimbrettaáhuga með þeim Bumble Bee-bræðrum Ivani Jugovic og Davíð Inga Bustion. Saman hafa þau stigið ölduna í nokkra mánuði og hafa nú náð landi með sérhönnuðum brettum í stíl við sundfatnað sem Petra hannaði sérstaklega með Bumble Bee-línuna í huga.

„Í vetur hönnuðum við saman handgert brimbretti sem er hugsað fyrir íslenskar brimbrettaaðstæður,“ segir Petra sem handmálaði munstur á brettið auk þess sem hún hannaði sundföt í stíl sem einnig eru hugsuð fyrir íslenska sjósundmenningu.

Petra hefur í gegnum árin komið víða við í hönnunarbransanum en eftir að hún útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands hefur hún sótt sér frekari menntun til London, þar sem hún sérhæfði sig í munsturgerð, og New York.

„Samhliða náminu vann ég í bæði fataverslunum, sem stílisti og var einnig lærlingur hjá fatahönnuði svo eitthvað sé nefnt. Ég var í ýmsum hönnunartengdum verkefnum í mjög svo skapandi umhverfi og í öllu þessu fann ég það mjög sterkt að áhugi minn lá í textíl og fötum,“ segir Petra.

„Skólaganga mín og verkefni til þessa eru mjög svo fjölbreytt og ég er þakklát öllu því frábæra fólki sem ég hef kynnst og fyrir alla þá reynslu sem ég hef hlotið í gegnum árin og gerir mig að þeirri manneskju og hönnuði sem ég er í dag.“

#### Lifa og hrærast í „sörfinu“

Hvað samstarfið við Davíð og Ivan í Bumblebee Brothers varðar segist Petra hafa kynnst Davíð, sem er menntaður arkitekt, fyrir nokkrum árum í gegnum listina.

„Þessir strákar lifa og hrærast í „sörf“-heiminum og eru mjög klárir. Þeir eru einnig flottir brimbrettahönnuðir,“ segir Petra og bætir við að bræðurnir hafi vinnuádstöðu í Grindavík þar sem þeir handgera brettin.

„Við höfðum eitthvað verið að tala um hversu gaman væri að fara í samvinnu og tvíanna heima okkar saman. Ég elska vatn og er mikil baðmanneskja,“ heldur Petra áfram og bendir á að tveir sæhestar myndi lógó hennar.

„Á þessum tíma var ég að byrjuð að hanna sundfatnað en mig hafði lengi langað til að gera sundfatnað fyrir íslenska hafið og baðmenningu.“ Hugmyndin að samstarfinu

## Sérhönnuð brimbretti og sundföt í stíl



Hafið, bláa hafið og freistandi öldur þess hafa lengi verið Petru Bender ofarlega í huga og samstarfið við Bumblebee-bretttagaurana því kærkomið.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

kom síðan upp í fyrirasumar enda voru snertifletir brimbrettanna og sundfatanna augljósir.

„Mig hafði langað að hanna munstur á brimbretti og fannst þetta passa svo vel saman, að gera sundbol sem væri innblásinn af sjó og „sörf“-menningunni og brimbretti frá strákunum. Sundbolurinn er sérstakur að því leyti að saumarnir eru með endurskinni svo að maður er sýnilegur í sjónum. Strákarnir hönnuðu og smíðuðu brettið en grafíkina, sem ég handmálaði á brettin, unnum við svo saman.“

Petra segist vilja taka þessar pælingar lengra og halda áfram með hönnunarferlið með fleiri og fjölbreyttari sundfötum. Hún ætlar því fljótlega að reyna fyrir sér með hópþjármögnun á Karolina Fund og freista þess að koma sundlínunni í framleiðslu.

„Mig langar til að taka þetta enn lengra og halda áfram með hönnunarferlið og gera fleiri og fjölbreyttari sundföt. Vonandi kemur eitthvað jákvætt út úr því.“

#### Bretti í bílskúr

Bumble Bee-tvíeykið, þeir Ivan Jugovic og Davíð Ingi Bustion, hófust handa í bílskúr í Grindavík árið

2020. Þeir byrjuðu á að bjóða upp á viðgerðir á brimbrettum sem vatt upp á sig þannig að í dag eru þeir bæði að hanna og framleiða bretti fyrir viðskiptavinum.

Davíð segir „sörfið“ vera lífsstíl sem ekki er annað hægt en að elska þar sem svifið er á öldum frelsis og afslöppunar. Þá sé það draumur hvers „sörfara“ að búa til eigið bretti.

„Brimbrettaheimurinn hér á landi er ekki svo stór en við erum nokkrir forfallnir brettaáhuga-menn og -konur. Þetta er lífsstíll og eitt það skemmtilegasta sem ég geri. Ævintýri okkar hófst með viðgerð á einu bretti sem kom laskað til landsins. Þannig byrjaði þetta.“

Ísland er lítið og fljótlega spurðist þetta út og eftir því sem við fengum fleiri bretti til viðgerðar jókst áhuginn. Þannig hófst þetta allt saman og í síðasta mánuði afhentum við fyrstu brettin til viðskiptavina sem er mjög ánægjulegt,“ segir Davíð.

#### Einstök tilfinning á eigin bretti

Davíð segir að það sé mjög sérstök tilfinning að gera sitt eigið bretti og

”

Ég er byrjuð að hanna sundfatnað en mig hafði lengi langað til að gera sundfatnað fyrir íslenska hafið og baðmenningu.

Petra

fara síðan á því í sjóinn. „Ég er hönnuður og arkitekt að mennt. Brettin sem er verið að framleiða í heiminum henta illa íslenskum aðstæðum. Brettin þurfa að vera mjög sterk því við erum með mikið af grjótfjörum og síðan þurfa þau að vera í stærri hlutföllum en gerist og gengur.“

Samstarfið við Petru hefur verið mjög skemmtilegt og gaman að vinna með henni. Hún hefur eins og ég mikla ástríðu fyrir hafinu og náttúrunni. Hún er líka „sörfari“ og hefur verið að leika sér í tvö ár. Svo fannst okkur þetta spila svo vel saman því margt af því sem hún hagnar hefur verið með sjávarívaði og þetta var bara tímaspursmál hvenær við myndum gera eitthvað saman.“

Handgerðu brimbrettin eru á reki um Instagram undir @bumblebee\_brothers og Petra sýnir hönnun sína undir @petrabender. ■



Fyrir-sætun Anna Brauna sýnir brettin og sundfötin sem eru hönnuð í stíl.  
MYND/EYRÚN HADDÝ

## Kvöldganga fyrir bjórþyrsta bókaunnendur

tsh@frettabladid.is

Rithöfundarnir og vinkonurnar Auður Jónsdóttir og Kamilla Einarsdóttir bjóða bókaunnendum með sér í bókmenntagöngu um miðbæinn fimmtudagskvöldið 9. júní. Gangan hefst í Borgarbókasafninu Grófinni og verða þátttakendur leiddir um skáldlega króka og kima miðbæjarins.

„Allir eiga náttúrulega von á góðu þegar Auður er með af því hún er ógeðslega myndin. Pælingin okkar er að það er svo gaman að hitta fólk sem hefur gaman af bókum. Af því þetta er svoltið einmanalegt áhugamál, maður er alltaf bara einn eða í mesta lagi að hitta aðra rithöfunda,“ segir Kamilla.



Auður Jónsdóttir og Kamilla Einarsdóttir bjóða bókaunnendum á barinn.

MYND/AÐSEND

”

Kannski verða einhverjir skandalar sem enda í næstu bókum.

Þátttaka er ókeypis og fer gangan fram á milli 20 og 21.30 en ekki er útilokað að hún teygi sig inn í nóttina.

„Kannski verða einhverjir skandalar sem enda í næstu bókum,“ segir Kamilla, kímín að vanda. ■



# ÚTSALA

## 30-70% AFSLÁTTUR

### AF ÚTSÖLUVÖRUM



Headpoint  
skrifborðsstólar

**67.900 kr.**

LISTAVERÐ: 104.900 kr.



Enjoy Classic New  
skrifborðsstólar

**119.900 kr.**

LISTAVERÐ: 179.900 kr.



Rafmagnsborð

**66.850 kr.**

LISTAVERÐ: 95.500 kr.



11  
LITIR  
Í BOÐI

UNI 550 stólar

**27.900 kr.**

LISTAVERÐ: 39.900 kr.

RAMMASAMNINGUR VIÐ  
RÍKISKAUP

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

Verzlun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.





**CLEVELAND**

Hornsófi með dökkgráu eða ljósgráu slitsterku áklæði. Hægra eða vinstra horn. 308 x 203 x 81 cm.

139.993 kr. ~~199.990 kr.~~

30%

**SUMAR ÚTSALA**  
ALLT AÐ **60%** AFSLÁTTUR

**FREGAT**

Hægindastóll, hvítolíuborin eik, svart leður.

67.996 kr. ~~169.990 kr.~~

**SLIT**

Borðstofustóll. Hvítolíuborin eik, svart leður.

23.996 kr. ~~59.990 kr.~~

60%

**BERMUDA**

Útisófasett með borði. 210 x 210 x 80 cm. Hægt að raða á marga vegu.

98.995 kr. ~~179.990 kr.~~

45%

\*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

**FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING**  
á Hringbraut



# Útgefandinn ekki nógu harður við þýðandann

Útgefandinn Pétur Már Ólafsson vatt sér í að þýða glæpasögu sér til skemmtunar. Kveikjan að bókinni er hin áhugaverðasta.

kolbrunb@frettabladid.is

„Kveikjan að bókinni Nætursöngvaranum vakti forvitni mína þegar ég frétti fyrst af henni,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti. Hann þýddi sjálfur þessa sænsku glæpasögu eftir Jóhönnu Mo sem nú er komin út. „Ég las hana í snatri nokkrum mánuðum áður en hún kom út í Svíþjóð í júní 2020. Í kjölfarið ákváðum við að tryggja okkur réttinn á bókinni, þótt við vissum svo sem ekkert um það hvernig henni myndi vegna – nema hvað útgefendur um alla Evrópu og reyndar í Bandaríkjunum líka voru að stökkva á hana.“

Nætursöngvarinn segir frá lög-reglukonunni Hönnu Duncker sem snýr aftur á æskulóðirnar á eyjunni Öland – þar sem faðir hennar var dæmdur fyrir morð. Og það var nýr yfirmaður hennar í lögregluinni sem kom honum á bak við lás og slá sextán árum fyrr. Joel sem er 15 ára gamall finnst myrtur á víðavangi. Hanna rannsakar málið, enda þótt móðir fórnarlambins hafi eitt sinn verið besta vinkona hennar. Vinkona sem Hanna yfirgaf fyrir mörgum árum. En það eru ekki allir ánægðir með að dóttir morðingjans Lars Dunckers sé snúin aftur og Hanna uppgötvar að það getur haft alvarlegar afleiðingar að grufla í fortíðinni.

**Áhrif morða**

Þegar höfundurinn Johanna Mo var sjálf fimmtán ára gömul gerðust atburðir sem hún hefur forðast að segja frá. Leigubílstjórinn Dusanka Petrén var myrt árið 1991 og voru þrír menn á þritugsaldri handteknir fyrir aðild að því. Nánast allir í heimabæ hennar, Kalmar, töluðu um þetta af því að þessir ungu menn voru þaðan. Þeir höfðu verið fengnir til verksins af fyrrverandi eiginmanni leigubílstjórans. „En það sem ég man best er þögnin,“ segir Johanna Mo. „Í minni fjölskyldu gátum við ekki talað um þetta. Maðurinn sem var dæmdur fyrir aðild og sem fjölmiðlar kölluðu „heilann“ var kærasti systur minnar. Við umgengumst fjölskyldu hans. Einn þeirra sem voru dæmdir fyrir morðið vann á sama kaffihúsi og ég.“



Pétur Már er stoltur þýðandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Allar götur síðan hefur Johanna Mo velt því fyrir sér hvað fái manneskju til að fremja morðið hefur á aðra, bæði í kringum fórnarlambið og þann seka.**

Allar götur síðan hefur Johanna Mo velt því fyrir sér hvað fái manneskju til að fremja morð, hvaða áhrif morðið hefur á aðra, bæði í kringum fórnarlambið og þann seka. „Nú hef ég loksins þorað að nálgast það

siðarnefnda með því að láta nýju lögguna mína, Hönnu Duncker, eiga föður sem dæmdur var fyrir morð. Og ég sný aftur þangað sem þetta byrjaði allt saman: til Kalmar og Ölands-eyju,“ segir hún.

Nætursöngvarinn kemur nú út víða um lönd og hefur hvarvetna verið vel tekið.

**Dróst að skila**

Forleggjarinn Pétur Már segist hafa komist á bragðið með þýðingar í Covid þegar lítið var við að vera. Þá þýddi hann Blindgöng eftir Tove Alsterdal sem kom út í fyrra en Alsterdal fékk einmitt Glerlykilinn – norrænu glæpasagnaverðlaunin árið 2021. Í kjölfarið hafi hann ákveðið að ráðast í að þýða Nætursöngvarinn sér til skemmtunar en það hafi dregist heldur að skila verkinu og hafi útgáfunni því seinkað aðeins: „Líklega var útgefandinn ekki nógu harður við þýðandann. Það gerist ekki aftur.“ ■

## Jóhanna í danssporum Zetu Jones

toti@frettabladid.is

„Það er algjör draumur fyrir mig að fá tækifæri til að leika Velmu,“ segir söngkonan Jóhanna Guðrún um hlutverk sitt í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á söngleiknum vinsæla Chicago.

Söngleikurinn sígildi ferður frumsýndur í Samkomuhúsinu í janúar 2023 en Jóhanna Guðrún segist alltaf hafa haldið upp á söngleikinn sem flestir þekkja sjálf-sagt í kvikmyndaútgáfunni sem hlaut Óskarsverðlaunin sem besta myndin 2003.

Þá var Catherine Zeta-Jones einnig verðlaunuð sem besta leikkonan í aukahlutverki fyrir sama hlutverk



Catherine Zeta-Jones í hlutverkinu ...

og Jóhanna Guðrún hefur tekið að sér fyrir norðan.

Rene Zellweger og Richard Gere voru í öðrum burðarhlutverkum myndarinnar en ekki ómerkari

stjörnur en Pamela Anderson, Brooke Shields og Melanie Griffith hafa einnig látið að sér kveða í uppsetningum á Chicago.

Margverðlaunaður söngleikurinn sló strax í gegn við frumsýningu 1975 og er einn vinsælasti söngleikur allra tíma en uppsetningin frá 1996 gengur til dæmis enn fyrir fullu húsi og er orðin ein sú langlífasta á Broadway frá upphafi. ■

... sem Jóhanna Guðrún mun spreyta sig á norðan heiða á næsta ári.

**AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson [guðmundur@torg.is](mailto:guðmundur@torg.is), **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen [andres@frettabladid.is](mailto:andres@frettabladid.is), Auður Hünfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is), **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon [arnarm@frettabladid.is](mailto:arnarm@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is), **RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



# Toppurinn í útivist



**Hilleberg Nallo 2GT**  
2 manna göngutjald. 2,9kg  
**192.995,-**



**Vango Helvellyn 200**  
2 manna göngutjald. 2,8kg  
**41.995,-**



**Vango Scafell 200**  
2 manna göngutjald. 2,5kg  
**35.995,-**



**Vango Nevis 200**  
1 manns göngutjald. 2,0 kg  
**32.995,-**



**Vango Scafell 300 Plus**  
3 manna göngutjald. 3,6kg  
**53.995,-**



**Vango Winslow ii 500**  
Fjölskyldutjald. 5 manna  
**69.995,-**



**Vango Osiris Air 500**  
"Air Beam" súlur. 5 manna  
**165.995,-**



**Vango göngustafir**  
Margar gerðir  
**Verð frá 8.995,-**



**Mammut Lithium Speed 15**  
Frábær bakpoki í hlaupa og hjólaferðir  
**17.995,-**



**Mammut svefnpokar**  
Margar gerðir  
**Verð frá 22.995,-**



**Vango Aotrom**  
Létt og fyrirferðalítill dýna  
**18.995,-**



**Vango Ultralite Stove**  
Lítill og létt gaseldavél  
**5.495,-**



**Mammut Ducan Low GTX**  
Léttir og góðir gönguskór  
**29.995,-**



**Northug Sunsetter**  
Flott glerugu á hjólið eða í hlaupin  
**15.995,-**



**Mammut Aconcagua Light**  
Milliag dömu. Polartec® Fls  
**21.995,-**



**Mammut Taiss**  
Léttar göngubuxur  
**25.995,-**



**Vango Magma Flask**  
500ml, 750ml, 1000ml.  
**Verð frá 2.795,-**



**Everest**



## Bakþankar



Láru G.  
Sigurðardóttir

## Bikiníboddi

„Ertu tilbúin í sumarfötin?“ heyrði ég heilsufrömuð spyrja fylgjendur sína á samfélagsmiðli. Síðan komu ráðleggingar um að drekka meira vatn og borða kolvetnasnauðara fæði. Upp frá þessu fylltist síminn minn af gyllibodum um tónaðri líkama. Mittismjórrí. Álitlegri. Algrím Google telur nú að mig dreymi um betra boddí.

Megrún er merkilegt fyrirbæri sem sögð er eiga rætur að rekja til Forn-Grikkja og er enn feykivinsæl. Reiknað hefur verið út að um tveir af þremur yfir kjörþyngd séu að jafnaði í megrun og fjórðungur fólks í eða undir kjörþyngd. Þá hafa megrunarkúrar verið talsvert rannsakaðir. Christopher Gardner, prófessor við Stanford-háskóla, taldi sig t.d. geta spáð fyrir út frá erfðapáttum og insúlíngildum hvort fituskert eða lággolvetna-fæði henti betur. Þvert á spárnar hans sýndi rannsóknin að það sem skiptir mestu máli eru matarvenjur. Fólkið sem missti flest kíló átti það sameiginlegt að breyta sambandi sínu við mat. Það verslaði ferskan mat, hafði reglu á matartíma, eldaði fyrir sig sjálf, setti mikið grænmeti á diskinn og hafði athyglina á matnum þegar það snæddi.

En af hverju erum við svona oft í megrun? Er markmið lífsins að líta sem best út í bikiní? Mun það raunverulega breyta einhverju fyrir líðan okkar að losna við nokkur kíló? Nú get ég ekki fullrytt fyrir þig en rannsóknir sýna að það sem gerir fólk álitlegast er góða skapið. Almennt séð þykir hamingjusamt fólk mest aðlaðandi.

Bergmálið um betra bikiníboddi heldur líklega áfram að elta mig, en þess í stað ætla ég að taka mitt boddí í sátt og ekki einblína á kíló. Líður okkur ekki einmitt best þegar við borðum hollt, hreyfum okkur, sofum vel og höfum gaman? ■




pappír  
umhverfið  
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN  
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



# Samsonite®

## PROXIS™

THE NEXT GENERATION OF LUGGAGE

## ÞÚ FÆRÐ SAMSONITE Í A4



Allar töskur og fylgihlutir frá Samsonite, stærsta ferðatöskuframleiðanda í heimi, eru á 20% afslætti

Gildir til og með 13. júní 2022